



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Reykjavík, 13. ágúst 2024  
MSS22020161

## Ókyngreind salerni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 22. ágúst 2024: kynning mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu á niðurstöðu úrskurðar félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna ókyngreindra salerna í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

Þann 5. júlí 2018 var samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar tillaga þess efnis að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi í Borgartúni 12-14 og í ráðhúsi, yrðu gerð ókyngreind. Tillagan byggði á áherslum Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Sumarið 2019 voru teknar niður merkingar sem tákna kyn af salernum í skrifstofurýmum og í matsal stjórnsýsluhúsa Reykjavíkurborgar.

Þann 14. október 2019 barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu skoðunarskýrsla frá Vinnueftirlitinu þar sem Reykjavíkurborg var gert að haga merkingum á salernum í stjórnsýsluhúsi í Borgartúni 12-14 með þeim hætti að þau væru kynjaskipt, sbr. 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa mótmælti ákvörðuninni, fyrst með bréfi til Vinnueftirlitsins þann 28. október 2019 og síðar með kæru til félagsmálaráðuneytisins dags. 12. maí 2020. Þann 11. júlí 2024 barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu úrskurður ráðuneytisins sem staðfesti ákvörðun vinnueftirlitsins.

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa



Reykjavík



Fylgiskjöl:

1. Skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins dags. 23.9.2019.
2. Andmæli vegna skoðunarskýrslu send 28. október 2019.
3. Svar Vinnueftirlitsins við andmælum dags. 17. apríl 2020.
4. Kæra til Félagsmálaráðuneytisins dags. 12.05.2020.
5. Umsögn Vinnueftirlitsins vegna kæru dags. 18. júní 2020.
6. Athugasemdir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna umsagnar Vinnueftirlitsins dags. 22. júní 2020.
7. Úrskurður félagsmálaráðuneytisins vegna beiðni um frestun réttaráhrifa dags. 7.08.2020.
8. Úrskurður félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins dags. 11. júlí 2024.



Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 19.9.2019

**Staðsetning skoðunar:** Borgartúni 12-14

**Deild:** Framkvæmdasvið fasteigna

**Eftirlitsmaður:** Hafdís Sverrisdóttir

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**

Hörður Austfjörð, umsj. fasteigna

Málsnr.: ~~21910~~ 0011  
Skjalasafn Ráðhúss  
01. okt. 2019  
Bréfalykill: 1320

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [hafdis@ver.is](mailto:hafdis@ver.is).**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

### Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Starfsmannarými**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Á hverri hæð eru salerni sem skiptist í 4 ómerkt salerni og tvö merkt fyrir fatlaða. Salernin eru ekki kynjaskipt.

Fyrirmæli

Salerni skal vera kynjaskipt.

Veittur frestur:

14.10.2019

Lög & reglur:

581/1995, 22.gr.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

22. gr.

Salernafjöldi.

1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.

2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagstæða og handlauga:

Sjá - [https://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/581\\_1995.pdf](https://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/581_1995.pdf)

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [hafdis@ver.is](mailto:hafdis@ver.is).

23/9/19 Hafdis

---

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns



#### **Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### **Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

Vinnueftirlitið  
Dvergshöfða 2  
110 Reykjavík

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Efni:** Andmæli mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna fyrirmæla um úrbætur á merkingum salerna í Borgartúni 12-14 sbr. skoðunarskýrsla nr. B #109446.

**Afstaða mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:** Skrifstofan telur ljóst að salernisaðstaða í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

## 1. Málavextir

Þann 5. júlí 2018 var samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar tillaga þess efnis að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi í Borgartúni 12-14 og í ráðhúsi, yrðu gerð ókyngreind. Tillagan byggði á áherslum Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna.

Þann 20. nóvember 2018 sendi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa velferðarráðuneytinu bréf þar sem óskað var eftir afstöðu ráðuneytisins til þeirra breytinga sem tillagan gerði ráð fyrir. Sérstaklega var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort túlkun 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 kæmi í veg fyrir aðgerðirnar, en með ákvæðinu er m.a. gerð sú krafa að á vinnustöðum þar sem starfa fleiri en fimm karlar og fimm konur skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Velferðarráðuneytið svaraði skrifstofunni þann 4. mars 2019 með bréfi dags. 20. nóvember 2018 frá Vinnueftirlitinu þar sem fram kom að um lágmarkskilyrði væri að ræða og ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti en karl og kona eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karlanna í samræmi við meginreglur 2. mgr. 22. gr. reglnanna.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa óskaði eftir frekari útskýringum á efni bréfsins og túlkun 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða. Fimmtudaginn 14. mars 2019 kom starfsmaður Vinnueftirlitisins á fund Mannréttinda- og lýðræðisráðs og hélt kynningu vegna málsins. Undir 9. lið fundargerðar má finna eftirfarandi bókun ráðsins:

*„Mannréttinda- og lýðræðisráð þakkar Birni Þór Rögnvaldssyni frá Vinnueftirlitinu fyrir komuna á fund ráðsins. Það er ljóst af skriflegu svari Vinnueftirlitsins og kynningu Björns að Reykjavíkurborg er heimilt að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, að því gefnu að kröfu um lágmarksfjölda lokaðra salerna sé uppfyllt. Ráðið fagnar að nú sé komin niðurstaða í málið og þannig hægt að framfylgja fyrri ákvörðun ráðsins frá 5. júlí 2018. Markmiðið er sem fyrr að vinna gegn mismunun og tryggja aðgengi allra enda eiga allir að geta blómstrað í mannréttindaborginni Reykjavík.“*

Var það niðurstaða fundarins að túlkun starfsmanns Vinnueftirlitsins á framangreindum reglum heimilaði mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, þar sem lágmarksfjölda salerna fyrir karla annars vegar og konur hins vegar er náð og að öll eru þau einstaklingsrými án þvagstæða og henta því öllum óháð kyni. Sumarið 2019 voru teknar niður merkingar sem tákna kyn af salernum í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar í ráðhúsi og á Höfðatorgi.

Þann 14. október sl. barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu skoðunarskýrsla nr. B #109446, undirrituð 23. september sl., en skýrslan var upphaflega send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og er dagssetning móttöku skjalasafns ráðhússins 1. október sl. Samkvæmt skýrslunni var Reykjavíkurborg veittur frestur til 14. október til þess að bregðast við fyrirmælum um að haga merkingum á salernum í stjórnsýsluhúsi Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14 með þeim hætti að þau væru kynjaskipt, sbr. 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þar sem frestur til andmæla hafði runnið út óskaði skrifstofan samdægurs eftir framlengdum fresti til að andmæla efni skýrslunnar. Þann 15. október var erindinu svarað og skrifstofunni veittur framlengdur frestur til úrbóta fyrirmæla í eftirlitsskýrslu B#109446 til 28. október 2019.

## **2. Svör mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar við fyrirmælum Vinnueftirlitsins**

### *2.1 Viðurkenning réttinda þeirra sem skilgreina kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins*

Reykjavíkurborg hefur einsett sér að vera í fararbroddi þegar kemur að vernd og eflingu mannréttinda íbúa og annarra er eiga í samskiptum við sveitarfélagið. Í því skyni hefur Reykjavíkurborg meðal annars sett sér metnaðarfulla mannréttindastefnu sem leggur á bann við hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Í samræmi við þá áherslu Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli framangreindra þátta hafa öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í ráðhúsi, verið gerð ókyngreind.

Að undanfögnu hafa Reykjavíkurborg borist erindi frá hagsmunasamtökum og einstaklingum þar sem vakin hefur verið athygli á réttindum og þörfum einstaklinga sem skilgreina sig hvorki sem karl né konu. Eiga þessi erindi það sammerkt að vera ákall um aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar um að viðurkenna réttindi og þarfir þessa hóps, meðal annars með því að falla frá kynjaskiptingu salerna. Einstaklingar sem skilgreina sig ekki eftir hefðbundinni greiningu í tvö kyn upplifa gjarnan að þeim sé mismunað á stöðum þar sem salerni eru aðeins í boði fyrir karla og konur. Kynjaskipting getur m.a. verið útilokandi fyrir trans fólk og skapað vandræði fyrir fólk sem fellur ekki að viðteknum hugmyndum um kvenlegt og karllægt útlit (hvort sem það er trans eða sís) og annarra einstaklinga sem skilgreina kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins. Þar að auki geta ókyngreind salerni nýst öðrum, til dæmis foreldrum með börn af öðru kyni og fötludu fólki með aðstoðarmenn af öðru kyni.

Frá þeim tíma sem reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 tóku gildi hefur umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og má slá því föstu að samfélagið hafi yfirgefið kynjatvíhyggjuna. Voru lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði samþykkt á Alþingi 1. júlí 2019 og tóku þegar gildi. Í dag eru flestir sammála um að orðalagið „kynáttunarfandi“ sem notað var í eldri

lögum og sá hugsunarháttur að kynvitund trans fólks sé eingöngu löngun til að tilheyra öðru kyni séu úrelt sjónarmið. Með nýrri löggjöf er viðurkenndur réttur allra til að skilgreina hver við erum og hvernig við upplifum okkur. Í 1. gr. laganna kemur fram að markmið þeirra sé að einstaklingar hafi rétt til þess að skilgreina kyn sitt og tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Hugtakið kynvitund vísar til þess hvernig einstaklingur upplifir kyn sitt og skilgreinir það, óháð líffræðilegum kyneinkennum. Í 3. gr. segir jafnframt að sérhver einstaklingur njóti, í samræmi við aldur og þroska, óskoraðs réttar til að skilgreina kyn sitt og hljóta viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu. Þá kemur fram í 8. gr. laganna að einstaklingur sem hefur breytt opinberri skráningu kyns síns njóti allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér.

Að mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verður að túlka reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 til samræmis við framangreinda löggjöf og þann skýra vilja löggjafans sem endurspeglast í löggjöfinni til þess að efla stöðu framangreinds hóps. Gengur afstaða Vinnueftirlitsins, sem fram kemur í bréfi þess frá 23. september síðastliðnum, í berhöggi við skýran vilja löggjafans í málefnum hópsins. Mikilvægt er að samspil lagabálkanna sé rökrænt út frá réttarheimildarfræðilegum sjónarmiðum. Gangi reglur um húsnæði vinnustaða í berhöggi við reglur sem tryggja vernd og jafnræði hins tilgreinda hóps ber að beita sjónarmiðum um forgangsáhrif við lögskýringu á grundvelli lex posterior og lex superior. Af því leiðir að ákvæði og sjónarmið reglna sem verða til á grundvelli laga sem eru nýrri eða eru hærri í réttarheimildarlegu tilliti ganga framár.

## 2.2 Einstaklingssalerni í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

Líkt og fyrr segir kom fulltrúi Vinnueftirlitisins á fund mannréttinda- og lýðræðisráðs 14. mars 2019. Var það niðurstaða fundarins að kynning fulltrúans á túlkun ákvæðisins heimilaði mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, þar sem lágmarksfjöldi salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar væri nán og að öll eru þau einstaklingsrými án þvagstæða og henta því öllum óháð kyni. Kemur það því Reykjavíkurborg verulega á óvart að Vinnueftirlitið geri nú athugasemdir við merkingar salerna.

Athugasemd Vinnueftirlitisins samkvæmt skoðunarskýrslu nr. B#109446 varðar kynjaskiptingu salerna í stjórnarsýsluhúsi Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi, en samkvæmt fyrirmælum skýrslunnar skulu salerni vera kynjaskipt. Fyrirmælum skýrslunnar til stuðnings er vísað til 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Greinin sem hér kemur til skoðunar ber titilinn „salernafföldi.“ Í 1. mgr. 22. gr. segir að „þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.“ Í umsögn Vinnueftirlitisins um erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2018, segir að ástæðan fyrir þessari aðgreiningu komi fram í 2. mgr. ákvæðisins og byggist á því að mismunandi meginreglur gilda um fjölda salerna eftir því hvort þau eru fyrir karlmenn eða kvenmenn. Þá kemur jafnframt fram í umsögn Vinnueftirlitisins að ástæða slíkrar aðgreiningar sé einnig til komin vegna mismunandi þarfa karlanna og kvenmanna þar sem m.a. er gert ráð fyrir þvagstæðum fyrir karlmenn í framangreindu ákvæði.

Þegar litið er til samhengis textans og vilja löggjafans er ljóst að megin tilgangur ákvæðisins er að tryggja nægilegan fjölda salerna fyrir starfsmenn, enda ber 22. gr. titilinn „salernafföldi.“ Krafa 1. mgr. 22. gr. um að salerni fyrir konur og karla skuli *aðgreind* helst í hendur við ákvæði 2. mgr. sem gerir kröfu um ákveðinn lágmarksfjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar, en gert er ráð fyrir að konur þurfi fleiri salerni. Tilgangur aðgreiningar er því að tryggja viðeigandi salernisaðstöðu fyrir bæði kynin með tilliti til fjölda salerna. Túlkun Vinnueftirlitisins á ákvæðum 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða í fyrrnefndri skoðunarskýrslu er því varhugaverð. Líkt og önnur íþyngjandi lagaákvæði ber



að túlka 22. gr. þröngt og á þann hátt að beiting hennar leiði til eðlilegrar niðurstöðu miðað við þær forsendur sem lágu að baki lagasetningu. Í því samengi má benda á að ekki er gerð krafa um sérstaklega merkt salerni fyrir fatlaðar konur annars vegar og fatlaða karlmenn hins vegar.

**Af framangreindu telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að salernisaðstaða í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.** Ákvæði 1. mgr. 22. gr. gerir kröfu um aðgreiningu salerna en ekki merkingar þeirra. Öll eru salernin á Höfðatorgi aðgreind einstaklingsrými án þvagstæða og eins að öllu leyti. Þau henta því öllum óháð kyni. Hvernig Reykjavíkurborg velur að merkja salernin fellur ekki undir 22. gr., enda miðar ákvæðið að því að tryggja nægilega mörg salerni fyrir starfsmenn með tilliti til þarfa þeirra. Því markmiði hefur verið náð.<sup>1</sup>

### 2.3 Málsmeðferð Vinnueftirlitsins

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa gerir ennfremur athugasemd við málsmeðferð Vinnueftirlitsins, en að mati skrifstofunnar stenst hún ekki þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarsýslunnar og leiða af vönduðum stjórnarsýsluháttum.

Mál þetta hófst að frumkvæði Vinnueftirlitsins. Með skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins er Reykjavíkurborg tilkynnt um atriði sem þarfnist úrbóta í starfsmannarými á Höfðatorgi, en jafnframt eru veittar upplýsingar um rétt til andmæla skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Það vekur athygli að í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir möguleika á áfrýjun úrskurða. Réttur til andmæla byggist á þeirri meginreglu að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því. Er aðila máls þannig veitt tækifæri til að tryggja réttindi sín og hagsmuni og veita stjórnvöldum frekari upplýsingar um málsatvik áður en komist er að niðurstöðu í málinu. Af skýrslu Vinnueftirlitsins er því óljóst hvernig réttur til andmæla var tryggður þar sem skýrslan virðist gefa til kynna að niðurstæða hafi legið fyrir áður en nokkur samskipti höfðu átt sér stað milli Vinnueftirlitsins og Reykjavíkurborgar vegna athugasemda þess fyrrnefnda. Að mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er öll framsetning ákvörðunar Vinnueftirlitsins óskýr og óvönduð. Ekki er ljóst hvort tekin hafi verið stjórnvaldsákvörðun sem megi skjóta til æðra stjórnvalds eða hvort verið sé að bjóða Reykjavíkurborg andmælarétt vegna fyrirhugaðrar stjórnvaldsákvörðunar. Í ljósi kærufrests er þess óskað að afstaða Vinnueftirlitsins liggji fyrir sem allra fyrst og innan gildandi kærufrests svo Reykjavíkurborg geti nýtt réttinn til að kæra ákvörðunina með hæfilegum fyrirvara.

## 3. Samantekt

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að vinna gegn hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kynþjáningar og kyneinkenna. Á síðustu árum hefur umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og má slá því föstu að samfélagið hafi yfirgefið kynjatvíhyggjuna. Með nýrri löggjöf um kynrænt sjálfræði er viðurkennt að einstaklingar geti skilgreint kyn sitt og að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Í samræmi við þá áherslu Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli framangreindra þátta hafa öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í ráðhúsi, verið gerð ókyngreind.

Óháð þeirri þróun sem orðið hefur frá því að reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 tóku gildi telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að merkingar salerna í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

---

<sup>1</sup> Í apríl 2019 taldi starfsfólk á Höfðatorgi 547 einstaklingar. Þar af voru 197 karlar og 350 konur. Í vinnurýminu eru 42 einstaklingssalerni. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða ætti heildarfjöldi salerna á Höfðatorgi að vera að lágmarki 23 salerni til þess að uppfylla kröfu 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða um fjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

brjóta ekki gegn fyrirmælum um fjölda salerna. Ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða gera ekki kröfu um merkingu salerna heldur aðgreiningu, en salernin í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar eru einstaklingsrými og að fullu aðgreind. Telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að Reykjavíkurborg uppfyllir skilyrði regnanna enda mæti salernin þeim þörfum sem reglurnar gera ráð fyrir. Er ákvörðun Vinnueftirlitsins því mótmælt og þess óskað að hún verði tekin til endurskoðunar á grundvelli andmæla þessara.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir  
lögfræðingur  
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.4.2020  
Tilvísun: 202003-0102/0.03.03

**Svar Vinnueftirlitsins við andmælum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna fyrirmæla í eftirlitsskýrslu nr. B #109446.**

Vísað er til bréfs mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 28. október sl., þar sem komið er á framfæri andmælum vegna fyrirmæla um úrbætur á merkingum salerna í Borgartúni 12-14, sbr. skoðunarskýrslu nr. B#109446. Í bréfinu kemur fram afstaða mannréttinda- og lýðræðisskrifstofunnar að salernisaðstaða í stjórnsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, þrátt fyrir að öll salerni séu ómerkt, þar sem fjöldi þeirra uppfylli skilyrði reglnanna. Byggist afstaða skrifstofunnar m.a. á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem leggur á bann við hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Einnig kemur fram í bréfinu að frá þeim tíma sem reglur um húsnæði vinnustaða tóku gildi hafi umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og megi slá því föstu að samfélagið hafi yfirgefið kynjatvíhyggjuna og er í því sambandi vísað sérstaklega til gildistöku laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði.

Með lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er leitast við að „*tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu*“, sbr. 1. gr. laganna. Enn fremur er tekið fram að tryggja skuli „*skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál*“. Lögin gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn en siglingar, fiskveiðar og loftferðir eru undanskilin gildissviði laganna.

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 46/1980 er tekið fram að megináhersla sé lögð á að „*eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi*“. Vinnueftirliti ríkisins var síðan falið að hafa sérstakt eftirlit með að ákvæðum laganna og reglna settum með stoð í þeim séu virt með því að fylgjast með að atvinnurekendur, er lögin taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi.

Eftirliti því sem Vinnueftirlitinu er falið er nánar lýst í 82. og 83. gr. laganna. Þar er gert ráð fyrir að starfsmenn stofnunarinnar fari í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtæki og stofnanir og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Er síðan nánar kveðið á um hvernig standa skuli að framkvæmd slíkra heimsókna. Hlutverk Vinnueftirlitsins er því að hafa eftirlit með hvort atvinnurekandinn fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í lögunum.

Vinnueftirlitinu hefur því verið falið að hafa eftirlit með ákvæðum reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, en þar á meðal eru ákvæði um fjölda salerna á vinnustöðum. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr.



# VINNUEFTIRLITIÐ

FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNNSKA

reglnanna er kveðið á um að þar sem að staðaldri starfi fleiri en fimm karlar og fimm konur skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis er að jafnaði miðað við eitt salerni fyrir allt að 15 manns en nánari greining á fjölda salerna, þvagstæða og handlauga er síðan gerð eftir annars vegar fjölda starfandi kvenna á vinnustað og hins vegar starfandi karla.

Framangreindar reglur voru settar á sínum tíma m.a. til að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 89/654/EBE um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (fyrsta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EB) skv. skuldbindingum Íslands vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt lið 18.3 í viðauka I við tilskipunina kemur fram að salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

Það liggur því fyrir að umræddar reglur eru enn í gildi og er það mat Vinnueftirlitsins að fyrirtækjum og stofnunum beri að fylgja þeim þannig að lágmarksfjöldi kyngreindra salerna sem fram kemur í 2. mgr. 22. gr. reglnanna sé tryggður og aðgreindur fyrir konur og karla. Reglurnar veita Vinnueftirlitinu ekki heimildir til að víkja frá umræddum lágmarksfjölda kyngreindra salerna.

Vinnueftirlitið hefur ekki umboð til þess að leggja mat á það hvort samfélagslegar breytingar hafi almennt haft áhrif á það hvernig almenningur upplifi kyn sitt, m.a. með tilkomu nýrra laga um kynrænt sjálfræði. Í því sambandi hefur Vinnueftirlitið þó bent á að ákvæði reglnanna kveði á um lágmarksskilyrði og því sé ekkert í reglunum sem komi í veg fyrir eða hamli því að hægt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir aðra starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karla í samræmi við meginreglur 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.


Í ljósi framangreinds er það því jafnframt mat Vinnueftirlitsins að vinnustöðum sé heimilt að hafa hluta salerna ókyngreind en slíkt mat getur þó ekki leitt til þess að öll salerni skuli vera ókyngreind í ljósi umræddrar 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Fram kemur í andmælabréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar að fjöldi starfsfólks á Höfðatorgi taldi 547 einstaklinga í aprilmánuði 2019, þarf af voru 197 karlar og 350 konur. Í vinnurýminu eru 42 einstaklingssalerni. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. regla um húsnæði vinnustað ætti heildarfjöldi salerna að vera að lágmarki 32 salerni fyrir þennan starfsmannafjölda, þar sem fram kemur að um er að ræða einstaklingssalerni, ekki salerni og þvagstæði, er miðað við að það þurfi 14 salerni merkt körlum og 18 salerni merkt konum. Miðað við þessar upplýsingar gætu 10 salerni verið ókyngreind á vinnustaðnum.

Vegna fyrirmæla í eftirlitsskýrslu B#109446 þá er það enn mat Vinnueftirlitsins að Reykjavíkurborg þurfi að virða lágmarksfjölda kyngreindra salerna fyrir konur og karla sem aðgreind eru með merkingum í samræmi við 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemdir við að önnur salerni sem eru umfram umrædd viðmið um lágmarksfjölda skv. 2. mgr. 22. gr. reglnanna séu ókyngreind.

Virðingarfyllt,  
fh. Vinnueftirlitsins,

  
Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri

  
Hafþór S. Sverrisdóttir, eftirlitsmaður



Reykjavík 12. maí 2020

Félagsmálaráðuneytið

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

Skógarhlíð 6

Tjarnargata 11

105 Reykjavík

101 Reykjavík

**Efni:** Kæra mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna ákvörðunar Vinnueftirlitsins varðandi merkingar salerna á skrifstofum Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14. sbr. skoðunarskýrsla nr. B #109446 frá 23. september 2019 og svar Vinnueftirlitsins við andmælum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 14. apríl 2020.

**Kröfur:** Þess er krafist að Félagsmálaráðuneytið taki efnislega ákvörðun í málinu þar sem tekið verði tillit til þeirra atriða sem fram koma í þessari kæru.

Þá er þess krafist að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað, sbr. 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

**Kæruheimild:** Framangreind ákvörðun Vinnueftirlitsins er kærð til Félagsmálaráðuneytisins með vísan til 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 26. gr. stjórnsýslulaga.

## 1. Málavextir

Mannréttindastefna borgarinnar var fyrst samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006. Núverandi stefna var samþykkt í borgarstjórn 18. október 2016. Stefnan leggur áherslu á heildstæða sýn í þágu borgarbúa. Stjórnendum og starfsfólki ber að tryggja virðingu fyrir mannréttindum innan stjórnkerfis borgarinnar, á vinnustöðum hennar og í þjónustu. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 10/2008 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa. Ráðið starfar í umboði borgarráðs og hefur m.a. það hlutverk að móta stefnu í mannréttinda, stjórnkerfis- og lýðræðismálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Þann 5. júlí 2018 var samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar tillaga þess efnis að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi í Borgartúni 12-14 og í ráðhúsi, yrðu gerð ókyngreind. Tillagan byggði m.a. á mannréttindastefnu borgarinnar og framangreiddum áherslum Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna, þá sérstaklega mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna.

Í kjölfarið óskaði Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir afstöðu Velferðaráðuneytisins og Vinnueftirlitsins til þess að salernin yrðu gerð ókyngreind, en þau samskipti eru rakin í andmælum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til Vinnueftirlitsins. Í kjölfarið lagði Mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar fram bókun á fundi sínum 14. mars 2019 undir 9. lið fundarins þess efnis að heimilt væri að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, að því gefnu að kröfu um lágmarksfjölda lokaðra salerna væri náð. Samarið 2019 voru því teknar niður merkingar sem tákna kyn af salernum í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar í ráðhúsi og á Höfðatorgi.

Þann 14. október 2019 barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins nr. B #109446, undirrituð þann 23. september 2019, en dagsetning móttöku skjalasafns ráðhússins 1. október 2019. Athugasemdir Vinnueftirlitsins vörðuðu kynjaskiptingu salerna í stjórnsýsluhúsi Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi, en samkvæmt fyrirmælum skýrslunnar skulu salerni vera kynjaskipt. Fyrirmælum skýrslunnar til stuðnings var vísað til 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Samkvæmt skýrslunni var Reykjavíkurborg veittur frestur til 14. október 2019 til þess að bregðast við fyrirmælum um að haga merkingum á salernum í stjórnsýsluhúsi Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14 með þeim hætti að þau væru kynjaskipt. Skrifstofan sendi Vinnueftirlitinu andmæli þann 28. október þar sem ákvörðun Vinnueftirlitsins var mótmælt og þess óskað að hún yrði tekin til endurskoðunar.<sup>1</sup>

Þann 27. nóvember 2019 var fulltrúum Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu boðið á fund með aðilum frá Vinnueftirlitinu. Á fundinum var lagt til að Vinnueftirlitið frestaði að svara andmælum Reykjavíkurborgar til að veita starfsmönnum skrifstofunnar svigrúm til að eiga samráð við starfsfólk í stjórnsýsluhúsi borgarinnar í Borgartúni 12-14. Þann 29. nóvember, í samræmi við niðurstöðu fundarins, óskaði mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir fresti til föstudagsins 31. janúar 2020 til að eiga samtal við starfsfólk, en ítrekaði jafnframt skrifleg andmæli frá 28. október.

Þann 29. janúar 2020 tilkynnti skrifstofan Vinnueftirlitinu að samtal við starfsfólk hefði átt sér stað og að skrifstofan teldi ekki tilefni til þess að leggja fram frekari gögn vegna málsins. Voru andmæli skrifstofunnar ítrekuð að nýju og óskað eftir svörum Vinnueftirlitsins við þeim sem allra fyrst.

Þann 17. apríl 2020 svaraði Vinnueftirlitið andmælum Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Í svari Vinnueftirlitsins voru fyrirmæli um kynjaskiptingu salerna ítrekuð. Þá var tilgangur og uppruni reglna um húsnæði og vinnustaði rakinn auk hlutverk Vinnueftirlitsins við eftirlit með því að atvinnurekendur fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum með stoð í lögnum. Einnig kom fram að ekki yrðu gerðar athugasemdir við að önnur salerni umfram viðmið um lágmarksfjölda skv. 2. mgr. 22. gr. reglnanna væru ókyngreind. Þann 5. maí barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu bréf þess efnis að frestur til að senda inn tilkynningu um úrbætur hefði verið framlengdur til 29.05.2020.

---

<sup>1</sup> Þar sem frestur til andmæla hafði runnið út þegar skrifstofunni barst erindi vinnueftirlitsins óskaði skrifstofan samdægurs eftir framlengdum fresti til að andmæla efni skýrslunnar. Þann 15. október 2019 var erindi skrifstofunnar svarað og henni veittur framlengdur frestur til úrbóta fyrirmæla í eftirlitsskýrslu B#109446 til 28. október 2019. Þann 16. október sendi undirrituð Vinnueftirlitinu beiðni um skýrari svör við ósk um framlengdan frest til andmæla. Þann 24. október hafði starfsmaður Vinnueftirlitsins samband við undirritaða í síma og fékk undirrituð staðfest að réttur til andmæla væri framlengdur til og með 28. október 2019.

## 2. Málsástæður og lagarök

### 2.1 Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði

Reykjavíkurborg hefur einsett sér að vera í fararbroddi þegar kemur að vernd og eflingu mannréttinda íbúa og annarra er eiga í samskiptum við sveitarfélagið. Í því skyni hefur Reykjavíkurborg meðal annars sett sér metnaðarfulla mannréttindastefnu sem leggur á bann við hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Frá þeim tíma sem reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 tóku gildi hefur umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn er skilgreint og er ljóst að kynjatvíhyggja sem áður var ríkjandi nær ekki yfir þann veruleika sem við búum við í dag. Voru lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði samþykkt á Alþingi 1. júlí 2019 og tóku þegar gildi. Í dag eru flestir sammála um að hugtakið „kynáttunarfandi“ sem notað var í eldri lögum frá 2012 sé óviðeigandi og að sá hugsunarháttur að trans fólk hafi eingöngu löngun til að fara úr einu stöðluðu kynhlutverki yfir í annað, háð samþykki heilbrigðisfyrivalda sé úreldur. Með nýrri löggjöf er viðurkenndur réttur allra til að skilgreina hver við erum og hvernig við upplifum kyn okkar, m.a. með hlutlausri skráningu kyns. Í 1. gr. laganna kemur fram að markmið þeirra sé að einstaklingar hafi rétt til þess að skilgreina kyn sitt og tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Hugtakið kynvitund vísar til þess hvernig einstaklingur upplifir kyn sitt og skilgreinir það, óháð líffræðilegum kyneinkennum. Í 3. gr. segir jafnframt að sérhver einstaklingur njóti, í samræmi við aldur og þroska, óskoraðs réttar til að skilgreina kyn sitt og hljóta viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu.

Að mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verður ekki komist hjá því að túlka reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 til samræmis við framangreinda löggjöf og þann skýra vilja löggjafans sem endurspeglast í löggjöfinni til þess að efla stöðu framangreinds hóps. Niðurstaða Vinnueftirlitsins er ekki í samræmi við skýran vilja löggjafans í málefnum hópsins. Samspil lagabálkanna þarf að túlka út frá réttarheimildarfræðilegum sjónarmiðum. Gangi reglur um húsnæði vinnustaða í berhögg við reglur sem tryggja vernd og jafnræði hins tilgreinda hóps ber að beita sjónarmiðum um forgangsáhrif við lögskýringu á grundvelli *lex posterior* og *lex superior*. Af því leiðir að ákvæði og sjónarmið reglna sem verða til á grundvelli laga sem eru nýrri eða eru hærri í réttarheimildarlegu tilliti ganga framár.

### 2.2 Ákvæði 1. mgr. 22. gr. gerir kröfu um aðgreiningu salerna en ekki merkingar þeirra.

Athugasemdir Vinnueftirlitsins samkvæmt skoðunarskýrslu nr. B#109446 varða kynjaskiptingu salerna í stjórnarsýsluhúsi Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi, en samkvæmt fyrirmælum Vinnueftirlitsins skulu salerni vera kynjaskipt. Fyrirmælum sínum til stuðnings vísar Vinnueftirlitið til 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Greinin sem hér kemur til skoðunar ber titilinn „salernafjöldi.“ Í 1. mgr. 22. gr. segir að „þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.“ Í umsögn Vinnueftirlitsins um erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2018, segir að ástæðan fyrir þessari aðgreiningu komi fram í 2. mgr. ákvæðisins og byggist á því að mismunandi meginreglur gilda um fjölda salerna eftir því hvort þau eru fyrir karlmenn eða kvenmenn. Þá kemur jafnframt fram í umsögn Vinnueftirlitsins að ástæða slíkrar aðgreiningar sé einnig til komin vegna mismunandi þarfa karlanna og kvenmanna þar sem m.a. er gert ráð fyrir þvagstæðum fyrir karlmenn í framangreindu ákvæði.

Þegar litið er til orðalags ákvæðisins og vilja löggjafans er ljóst að megintilgangur þess er að tryggja nægilegan fjölda salerna fyrir starfsmenn, enda ber 22. gr. titilinn „salernafjöldi.“ Krafa 1. mgr. 22. gr. um að salerni fyrir konur og karla skuli aðgreind helst í hendur við ákvæði 2. mgr. sem gerir kröfu um ákveðinn lágmarksfjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar, en gert er ráð fyrir að konur þurfi fleiri salerni. Tilgangur aðgreiningar er því að tryggja viðeigandi salernisaðstöðu fyrir bæði

kynin með tilliti til fjölda salerna. Túlkun Vinnueftirlitsins á ákvæðum 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða er því varhugaverð. Líkt og önnur íþyngjandi lagaákvæði ber að túlka 22. gr. þröngt og á þann hátt að beiting hennar leiði til eðlilegrar niðurstöðu miðað við þær forsendur sem lágu að baki lagasetningu. Í því samengi má benda á að ekki er gerð krafa um sérstaklega merkt salerni fyrir fatlaðar konur annars vegar og fatlaða karlmenn hins vegar.

Af framangreindu er talið ljóst að salernisaðstaða í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar fer ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða. Ákvæði 1. mgr. 22. gr. gerir kröfu um aðgreiningu salerna en ekki merkingar þeirra. Öll salerni á Höfðatorgi eru aðgreind einstaklingsrými án þvagstæða og eins að öllu leyti. Þau henta því öllum óháð kyni. Hvernig Reykjavíkurborg velur að merkja salernin fellur ekki undir 22. gr., enda miðar ákvæðið að því að tryggja nægilega mörg salerni fyrir starfsmenn með tilliti til þarfa þeirra. Því markmiði hefur verið náð.<sup>2</sup>

### 3. Samantekt

Með nýrri löggjöf um kynrænt sjálfræði er viðurkennt að einstaklingar geti skilgreint kyn sitt og að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar, m.a. með hlutlausri skráningu kyns. Í samræmi við þá áherslu Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli kyns, kynvitundar og kyntjáningar telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa mikilvægt að salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í ráðhúsi, verið gerð ókyngreind.

Óháð þeirri þróun sem orðið hefur frá því að reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 tóku gildi telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að merkingar salerna í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar brjóta ekki gegn fyrirmælum um fjölda salerna. Ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða gera ekki kröfu um merkingu salerna heldur aðgreiningu, en salernin í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar eru einstaklingsrými og að fullu aðgreind. Telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að Reykjavíkurborg uppfyllir skilyrði regnanna enda mæti salernin þeim þörfum sem reglurnar gera ráð fyrir. Er ákvörðun Vinnueftirlitsins því mótmælt og þess óskað að Félagsmálaráðuneytið taki efnislega ákvörðun í málinu með tilliti til framangreindra atriða.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

---

<sup>2</sup> Í apríl 2019 taldi starfsfólk á Höfðatorgi 547 einstaklingar. Þar af voru 197 karlar og 350 konur. Í vinnurýminu eru 42 einstaklingssalerni. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða ætti heildarfjöldi salerna á Höfðatorgi að vera að lágmarki 23 salerni til þess að uppfylla kröfu 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða um fjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.



**Fylgiskjöl:**

1. Umsögn Vinnueftirlitsins um erindi Reykjavíkurborgar dags. 06.12.2018.
2. Skoðunarskýrsla Vinnueftirlitsins nr. B #109446 dags. 23.09.2019.
3. Andmæli mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna fyrirmæla um úrbætur á merkingum salerna í Borgartúni 12-14. dags. 28.10.2019
4. Svar Vinnueftirlitsins við andmælum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 17.04.2020.



## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Reykjavíkurborgar  
b.t. Guðrúnar Elsu Tryggvadóttur  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 frn@frn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 18. júní 2020  
Tilv.: FRN20050069/05.10.02


Efni: Óskað eftir athugasemdum við umsögn Vinnueftirlitsins.

Félagsmálaráðuneytið vísar til erindis til ráðuneytisins, dags. 12. maí 2020, þar sem kærð eru fyrirmæli Vinnueftirlitsins varðandi merkingar salerna á skrifstofum Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12–14 sbr. skoðunarskýrslu nr. B#109446, dags. 23. september 2019.

Hér með er óskað eftir athugasemdum við umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 16. júní 2020, sem fylgir hér með í ljósriti. Óskað er eftir því að umbeðin umsögn berist ráðuneytinu fyrir 2. júlí 2020.

Óski kærandi eftir því að koma fram athugasemdum við þann hluta umsagnar Vinnueftirlitsins er varðar kröfu um frestun réttaráhrifa þurfi þær að koma fram svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 25. júní nk. Hafi slíkar athugasemdir ekki borist ráðuneytinu fyrir þann tíma mun ráðuneytið ljúka afgreiðslu þess hluta málsins er varðar frestun réttaráhrifa á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra

  
Bjarnheiður Gautadóttir

  
Eva Margrét Kristinsdóttir

Fylgiskj.: Afrit af umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 16. júní 2020.



Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 16.6.2020  
Tilvísun: 202006-0065/0.03.00

### **Efni: Umsögn vegna kæru Reykjavíkurborgar á fyrirmælum um aðgreiningu salerna**

Vísað er til bréfs félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. júní sl., með tilvísunarnúmeri FRN20050069/05.10.02, þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um stjórnsýslukæru Reykjavíkurborgar, dags. 12. maí 2020, þar sem ákvörðun Vinnueftirlitsins um að salerni fyrir starfsfólk á skrifstofu Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14, skuli aðgreind fyrir konur og karla, sbr. skoðunarskýrslu nr. B#109446, dags. 23. september 2019.

Mál þetta lýtur að merkingum salerna á vinnustað Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12–14 en öll salerni fyrir starfsfólk eru þar ókyngreind. Með skoðunarskýrslu nr. B#109446 var mælt fyrir um að úrbætur á aðgreiningu salerna fyrir konur og karla skyldu gerðar í samræmi við 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, en þar er mælt fyrir um að þar sem starfi fleiri en fimm karlar og fimm konur að staðaldri skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Reykjavíkurborg var veittur frestur til þessara úrbóta til 14. október 2019. Andmæli voru sett fram af hálfu Reykjavíkurborgar með bréfi, dags. 28. október 2019, og 29. nóvember s.á. óskaði borgin eftir fresti til 31. janúar 2020 til þess að eiga samráð við starfsmenn á umræddum vinnustað Reykjavíkurborgar um málið. Þann 29. janúar 2020 tilkynnti Reykjavíkurborg Vinnueftirlitinu að frekari gögn yrðu ekki lögð fram í málinu.

Vinnueftirlitið ítrekaði fyrirmæli sín í bréfi til Reykjavíkurborgar, dags. 17. apríl 2020, og var síðar frestur til þess að tilkynna um úrbætur framlengdur til 29. maí 2020. Ákvörðun Vinnueftirlitsins var síðan kærð til ráðuneytisins með bréfi, dags. 12. maí 2020.

#### *Málsástæður og lagarök*

Afstaða Reykjavíkurborgar er að salernisaðstaða í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, þrátt fyrir að öll salerni séu ómerkt, þar sem fjöldi þeirra uppfylli skilyrði reglnanna. Byggist afstaða Reykjavíkurborgar m.a. á mannréttindastefnu borgarinnar sem leggur á bann við hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Einnig kemur fram að frá þeim tíma sem reglur um húsnæði vinnustaða tóku gildi hafi umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og túlka beri því reglurnar til

samræmis við lög nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði, og þann skýra vilja löggjafans sem endurspeglast í löggjöfinni til þess að efla stöðu framangreinds hóps.

Með lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er leitast við að „ *tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu*“, sbr. 1. gr. laganna. Enn fremur er tekið fram að tryggja skuli „ *skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál*“. Lögin gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn en siglingar, fiskveiðar og loftferðir eru undanskilin gildissviði laganna.

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 46/1980 er tekið fram að megináhersla sé lögð á að „ *eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi*“. Vinnueftirliti ríkisins er með 75. og 82. gr. laganna falið eftirlit með að ákvæðum laganna og reglna settum með stoð í þeim séu virt með því að fylgjast með að atvinnurekendur, er lögin taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi.

Eftirliti því sem Vinnueftirlitinu er falið er nánar lýst í 82. og 83. gr. laganna. Þar er gert ráð fyrir að starfsmenn stofnunarinnar fari í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtæki og stofnanir og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Er síðan nánar kveðið á um hvernig standa skuli að framkvæmd slíkra heimsókna. Hlutverk Vinnueftirlitsins er því að hafa eftirlit með hvort atvinnurekandinn fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í lögnum.

Vinnueftirlitinu hefur því verið falið að hafa eftirlit með ákvæðum reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, en þar á meðal eru ákvæði um fjölda salerna á vinnustöðum. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. reglnanna er kveðið á um að þar sem að staðaldri starfi fleiri en fimm karlar og fimm konur skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.

Framangreindar reglur voru settar með stoð í 38., 43. og 44. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og höfðu m.a. þann tilgang að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 89/654/EBE um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum. Innleiðing tilskipunarinnar er í samræmi við 3. gr. fylgiskjals I við lög nr. 2/1993 og 3. gr. sömu laga um skuldbindingar Íslands vegna samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt lið 18.3 í viðauka I við tilskipun 89/654/EBE kemur fram að salerni karla og kvenna skuli vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

Það liggur því fyrir að umræddar reglur eru enn í gildi og er það mat Vinnueftirlitsins að fyrirtækjum og stofnunum beri að fylgja þeim þannig að lágmarksfjöldi kyngreindra salerna sem fram kemur í 2. mgr. 22. gr. reglnanna sé tryggður og aðgreindur með merkingum fyrir konur og karla. Ekki er að finna heimildir í umræddum reglum til handa Vinnueftirlitinu til að víkja frá umræddum lágmarksfjölda aðgreindra salerna fyrir konur og karla.

Fram kom í bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 28. október 2019, að fjöldi starfsfólks í Borgartúni 12-14 hafi talið 547 einstaklinga í aprílmánuði 2019, þar af hafi verið 197 karlar og 350 konur. Í vinnurýminu eru 42 einstaklingssalerni.

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða ætti heildarfjöldi salerna því að vera að lágmarki 7 salerni og 7 þvagstæði, eða 14 salerni, fyrir karla og 18 salerni fyrir konur, eða samtals 32 einstaklingssalerni fyrir þennan starfsmannafjölda. Þar sem fram kemur að um er að ræða einstaklingssalerni en ekki salerni og þvagstæði, er miðað við að það þurfi 14 salerni merkt körlum og 18 salerni merkt konum. Miðað við þessar upplýsingar gætu því 10 salerni verið ókyngreind á vinnustaðnum.

Í stjórnslukæru Reykjavíkurborgar kemur fram að þeirra skilningur á orðalaginu „*þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind*“ í 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða sé sá að salernin þurfi einungis að vera aðgreind en hvergi sé kveðið sérstaklega á um merkingu. Vinnueftirlitið hefur litið svo á að reglurnar geri ráð fyrir að salerni og snyrting fyrir konur og karla skuli aðgreind, sbr. 1. mgr. 22. gr. reglnanna, og síðan er nánari fyrirmæli um fjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar í 2. mgr. sömu greinar. Í þeirri aðgreiningu felist að greina þurfi salernin í sundur með merkingum svo að starfsfólk geti vitað hvernig salernin séu aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar eins og reglurnar gera ráð fyrir. Án merkinga væri það örðugleikum bundið fyrir starfsfólk að átta sig á hvaða salerni væru aðgreind fyrir karla og hvaða salerni væri ætluð konum enda tilgangur Reykjavíkurborgar með að merkja salerni hvorki konum né körlum og hafa þau þar með ókyngreind að allir starfsmenn án tillits til kyns geti notað þau. Er það mat Vinnueftirlitsins að ekki verði litið svo á að aðgengi að lokuðum salernum á vinnustöðum breyti þar nokkru um.


Ljóst er að á þeim 25 árum sem liðin eru síðan reglurnar voru settar hefur margt breyst í samfélaginu. Er þar bæði vísað til aðgengis að lokuðum salernum á vinnustöðum og breytingar á kynvitund fólks og er í því sambandi vísað meðal annars til laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði. Vinnueftirlitið hefur þó ekki heimild að lögum til þess að leggja mat á það hvort samfélagslegar breytingar hafi almennt haft þau áhrif á kynvitund starfsmanna á innlendum vinnumarkaði, m.a. með tilkomu nýrra laga um kynrænt sjálfræði, að ekki sé lengur þörf á kyngreindum salernum á vinnustöðum með þeim hætti sem umræddar reglur gera ráð fyrir.

Stofnuninni ber að fara að gildandi reglum en í því sambandi hefur Vinnueftirlitið þó bent á að ákvæði reglnanna kveði á um lágmarksskilyrði og því sé ekkert í reglunum sem komi í veg fyrir eða hamli því að hægt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir aðra starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti, eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind fyrir konur og karla í samræmi við 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Meginregla 29. gr. stjórnsýslulaga um réttaráhrif kærðrar ákvörðunar er að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Ávallt verður að leggja heildstætt mat á þau andstæðu sjónarmið sem vegast á í hverju máli og þá einnig að líta til réttmætra hagsmuna allra aðila málsins. Í því sambandi bendir Vinnueftirlitið á stöðu starfsmanna Reykjavíkurborgar í máli þessu en afstaða þeirra liggur ekki fyrir. Vinnueftirlitinu hafa borist kvartanir frá starfsfólki vinnustaða þar sem salerni hafa verið gerð ókyngreind og óskað eftir atbeina Vinnueftirlitsins við að aðgreina salerni fyrir konur og karla með merkingum í samræmi við umræddar reglur. Vinnueftirlitinu er því kunnugt um að skiptar skoðanir eru uppi um merkingar salerna meðal þátttakenda á innlendum vinnumarkaði og því eðlilegt að ætla að það kunni að eiga einnig við um starfsfólk Reykjavíkurborgar. Vísar stofnunin jafnframt til meðfylgjandi erindis síns um þetta mál til ráðuneytisins, dags. 28. apríl sl. Einnig verður að líta til þess að það er ekki viðrhlutamikil aðgerð fyrir Reykjavíkurborg að merkja salernin þannig að séu aðgreind fyrir konur og karla meðan úrskurðar ráðuneytisins er beðið í málinu. Í ljósi framangreinds þykja rök ekki hníga til annars en að meginregla stjórnsýsluréttarins um að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar gildi í máli þessu þannig að réttaráhrifum ákvörðunar Vinnueftirlitsins verði ekki frestað.

Virðingarfyllt  
fh. Vinnueftirlitsins

  
Hanna S. Gunnsteinsdóttir

  
Sandra Heimisdóttir

**Fylgiskjöl:**

1. Skoðunarskýrsla nr. B#109446, dags. 23.09.2019
2. Andmælabréf Reykjavíkurborgar, dags. 28.10.2019
3. Svar Vinnueftirlitsins við andmælum Reykjavíkurborgar, dags. 17.04.2020
4. Bréf Vinnueftirlitsins til Félagsmálaráðuneytisins, dags. 28.04.2020





Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 19.9.2019  
**Staðsetning skoðunar:** Borgartúni 12-14  
**Deild:** Framkvæmdasvið fasteigna  
**Eftirlitsmaður:** Hafðís Sverrisdóttir  
**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**  
Hörður Austfjörð, umsj. fasteigna

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [hafdis@ver.is](mailto:hafdis@ver.is).**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

#### Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Starfsmannarými**

Lýsing &amp; mat á aðstæðum:

Á hverri hæð eru salerni sem skiptist í 4 ómerkt salerni og tvö merkt fyrir fatlaða. Salemin eru ekki kynjaskipt.

Fyrirmæli

Salerni skal vera kynjaskipt.

Veittur frestur:

14.10.2019

Lög &amp; reglur:

581/1995, 22.gr.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

22. gr.

Salernafjöldi.

1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.

2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagsstæða og handlauga:

Sjá - [https://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/581\\_1995.pdf](https://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/581_1995.pdf)

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [hafdis@ver.is](mailto:hafdis@ver.is).

23/9/19 *Hafdis*  
Dagsetning og undirskrift eittíðsmanns  


#### *Andmælaréttur*

Samkvæmt 13. gr. stjórnslutlaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvud eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### *Afrýjun úrskurða*

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.



Vinnuefirlitið  
Dvergshöfða 2  
110 Reykjavík

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Efni:** Andmæli mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna fyrirmæla um úrbætur á merkingum salerna í Borgartúni 12-14 sbr. skoðunarskýrsla nr. B #109446.

**Afstaða mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:** Skrifstofan telur ljóst að salernisaðstaða í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

## 1. Málavextir

Þann 5. júlí 2018 var samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar tillaga þess efnis að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi í Borgartúni 12-14 og í ráðhúsi, yrðu gerð ókyngreind. Tillagan byggði á áherslum Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna.

Þann 20. nóvember 2018 sendi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa velferðarráðuneytinu bréf þar sem óskað var eftir afstöðu ráðuneytisins til þeirra breytinga sem tillagan gerði ráð fyrir. Sérstaklega var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort túlkun 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 kæmi í veg fyrir aðgerðirnar, en með ákvæðinu er m.a. gerð sú krafa að á vinnustöðum þar sem starfa fleiri en fimm karlar og fimm konur skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Velferðarráðuneytið svaraði skrifstofunni þann 4. mars 2019 með bréfi dags. 20. nóvember 2018 frá Vinnuefirlitinu þar sem fram kom að um lágmarkskilyrði væri að ræða og ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti en karl og kona eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karlmannna í samræmi við meginreglur 2. mgr. 22. gr. reglnanna.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa óskaði eftir frekari útskýringum á efni bréfsins og túlkun 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða. Fimmtudaginn 14. mars 2019 kom starfsmaður Vinnuefirlitisins á fund Mannréttinda- og lýðræðisráðs og hélt kynningu vegna málsins. Undir 9. lið fundargerðar má finna eftirfarandi bókun ráðsins:

*„Mannréttinda- og lýðræðisráð þakkar Birni Þór Rögvaldssyni frá Vinnueftirlitinu fyrir komuna á fund ráðsins. Það er ljóst af skriflegu svari Vinnueftirlitsins og kynningu Björns að Reykjavíkurborg er heimilt að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, að því gefnu að kröfu um lágmarksfjölda lokaðra salerna sé uppfyllt. Ráðið fagnar að nú sé komin niðurstaða í málið og þannig hægt að framsýlgja fyrri ákvörðun ráðsins frá 5. júlí 2018. Markmiðið er sem fyrr að vinna gegn mismunun og tryggja aðgengi allra enda eiga allir að geta blómstrað í mannréttindaborginni Reykjavík.“*

Var það niðurstaða fundarins að túlkun starfsmanns Vinnueftirlitsins á framangreindum reglum heimilaði mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, þar sem lágmarksfjölda salerna fyrir karla annars vegar og konur hins vegar er náð og að öll eru þau einstaklingsrými án þvagstæða og henta því öllum óháð kyni. Sumarið 2019 voru teknar niður merkingar sem tákna kyn af salernum í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar í ráðhúsi og á Höfðatorgi.

Þann 14. október sl. barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu skoðunarskýrsla nr. B #109446, undirrituð 23. september sl., en skýrslan var upphaflega send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og er dagssetning móttöku skjalasafns ráðhússins 1. október sl. Samkvæmt skýrslunni var Reykjavíkurborg veittur frestur til 14. október til þess að bregðast við fyrirmælum um að haga merkingum á salernum í stjórnsýsluhúsi Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14 með þeim hætti að þau væru kynjaskipt, sbr. 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þar sem frestur til andmæla hafði runnið út óskaði skrifstofan samdægurs eftir framlengdum fresti til að andmæla efni skýrslunnar. Þann 15. október var erindinu svarað og skrifstofunni veittur framlengdur frestur til úrbóta fyrirmæla í eftirlitsskýrslu B#109446 til 28. október 2019.

## **2. Svör mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar við fyrirmælum Vinnueftirlitsins**

### *2.1 Viðurkenning réttinda þeirra sem skilgreina kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins*

Reykjavíkurborg hefur einsett sér að vera í fararbroddi þegar kemur að vernd og eflingu mannréttinda íbúa og annarra er eiga í samskiptum við sveitarfélagið. Í því skyni hefur Reykjavíkurborg meðal annars sett sér metnaðarfulla mannréttindastefnu sem leggur á bann við hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Í samræmi við þá áherslu Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli framangreindra þátta hafa öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í ráðhúsi, verið gerð ókyngreind.

Að undanförmu hafa Reykjavíkurborg borist erindi frá hagsmunasamtökum og einstaklingum þar sem vakin hefur verið athygli á réttindum og þörfum einstaklinga sem skilgreina sig hvorki sem karl né konu. Eiga þessi erindi það sammerkt að vera ákall um aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar um að viðurkenna réttindi og þarfir þessa hóps, meðal annars með því að falla frá kynjaskiptingu salerna. Einstaklingar sem skilgreina sig ekki eftir hefðbundinni greiningu í tvö kyn upplifa gjarnan að þeim sé mismunað á stöðum þar sem salerni eru aðeins í boði fyrir karla og konur. Kynjaskipting getur m.a. verið útilokandi fyrir trans fólk og skapað vandræði fyrir fólk sem fellur ekki að viðteknum hugmyndum um kvenlegt og karllægt útlit (hvort sem það er trans eða sis) og annarra einstaklinga sem skilgreina kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins. Þar að auki geta ókyngreind salerni nýst öðrum, til dæmis foreldrum með börn af öðru kyni og fötludu fólki með aðstoðarmenn af öðru kyni.

Frá þeim tíma sem reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 tóku gildi hefur umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og má slá því föstu að samfélagið hafi yfirgefið kynjatvíhyggjuna. Voru lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði samþykkt á Alþingi 1. júlí 2019 og tóku þegar gildi. Í dag eru flestir sammála um að orðalagið „kynáttunarbúi“ sem notað var í eldri

lögum og sá hugsunarháttur að kynvitund trans fólks sé eingöngu löngun til að tilheyra öðru kyni séu úrelt sjónarmið. Með nýrri löggjöf er viðurkenndur réttur allra til að skilgreina hver við erum og hvernig við upplifum okkur. Í 1. gr. laganna kemur fram að markmið þeirra sé að einstaklingar hafi rétt til þess að skilgreina kyn sitt og tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Hugtakið kynvitund vísar til þess hvernig einstaklingur upplifir kyn sitt og skilgreinir það, óháð líffræðilegum kyneinkennum. Í 3. gr. segir jafnframt að sérhver einstaklingur njóti, í samræmi við aldur og þroska, óskoraðs réttar til að skilgreina kyn sitt og hljóta viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu. Þá kemur fram í 8. gr. laganna að einstaklingur sem hefur breytt opinberri skráningu kyns síns njóti allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér.

Að mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verður að túlka reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 til samræmis við framangreinda löggjöf og þann skýra vilja löggjafans sem endurspeglast í löggjöfinni til þess að efla stöðu framangreinds hóps. Gengur afstaða Vinnueftirlitsins, sem fram kemur í bréfi þess frá 23. september síðastliðnum, í berhöggi við skýran vilja löggjafans í málefnum hópsins. Mikilvægt er að samspil lagabálkanna sé rökrænt út frá réttarheimildarfræðilegum sjónarmiðum. Gangi reglur um húsnæði vinnustaða í berhöggi við reglur sem tryggja vernd og jafnræði hins tilgreinda hóps ber að beita sjónarmiðum um forgangsrátt við lögskýringu á grundvelli lex posterior og lex superior. Af því leiðir að ákvæði og sjónarmið reglna sem verða til á grundvelli laga sem eru nýrri eða eru hærri í réttarheimildarlegu tilliti ganga framár.

## 2.2 Einstaklingssalerni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

Líkt og fyrir segir kom fulltrúi Vinnueftirlitisins á fund mannréttinda- og lýðræðisráðs 14. mars 2019. Var það niðurstaða fundarins að kynning fulltrúans á túlkun ákvæðisins heimilaði mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda, þar sem lágmarksfjöldi salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar væri náð og að öll eru þau einstaklingsrými án þvagstæða og henta því öllum óháð kyni. Kemur það því Reykjavíkurborg verulega á óvart að Vinnueftirlitið geri nú athugasemdir við merkingar salerna.

Athugasemd Vinnueftirlitsins samkvæmt skoðunarskýrslu nr. B#109446 varðar kynjaskiptingu salerna í stjórnsýsluhúsi Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi, en samkvæmt fyrirmælum skýrslunnar skulu salerni vera kynjaskipt. Fyrirmælum skýrslunnar til stuðnings er vísað til 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Greinin sem hér kemur til skoðunar ber titilinn „salernafjöldi.“ Í 1. mgr. 22. gr. segir að „þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.“ Í umsögn Vinnueftirlitsins um erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2018, segir að ástæðan fyrir þessari aðgreiningu komi fram í 2. mgr. ákvæðisins og byggist á því að mismunandi meginreglur gilda um fjölda salerna eftir því hvort þau eru fyrir karlmenn eða kvenmenn. Þá kemur jafnframt fram í umsögn Vinnueftirlitsins að ástæða slíkrar aðgreiningar sé einnig til komin vegna mismunandi þarfa karlmanna og kvenmanna þar sem m.a. er gert ráð fyrir þvagstæðum fyrir karlmenn í framangreindu ákvæði.

Þegar litið er til samhengis textans og vilja löggjafans er ljóst að megin tilgangur ákvæðisins er að tryggja nægilegan fjölda salerna fyrir starfsmenn, enda ber 22. gr. titilinn „salernafjöldi.“ Krafa 1. mgr. 22. gr. um að salerni fyrir konur og karla skuli aðgreind helst í hendur við ákvæði 2. mgr. sem gerir kröfu um ákveðinn lágmarksfjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar, en gert er ráð fyrir að konur þurfi fleiri salerni. Tilgangur aðgreiningar er því að tryggja viðeigandi salernisaðstöðu fyrir bæði kynin með tilliti til fjölda salerna. Túlkun Vinnueftirlitsins á ákvæðum 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða í fyrrnefndri skoðunarskýrslu er því varhugaverð. Líkt og önnur íþyngjandi lagaákvæði ber



að túlka 22. gr. þröngt og á þann hátt að beiting hennar leiði til eðlilegrar niðurstöðu miðað við þær forsendur sem lágu að baki lagasetningu. Í því samengi má benda á að ekki er gerð krafa um sérstaklega merkt salerni fyrir fatlaðar konur annars vegar og fatlaða karlmenn hins vegar.

**Af framangreindu telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að salernisaðstaða í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.** Ákvæði 1. mgr. 22. gr. gerir kröfu um aðgreiningu salerna en ekki merkingar þeirra. Öll eru salernin á Höfðatorgi aðgreind einstaklingsrými án þvagstæða og eins að öllu leyti. Þau henta því öllum óháð kyni. Hvernig Reykjavíkurborg velur að merkja salernin fellur ekki undir 22. gr., enda miðar ákvæðið að því að tryggja nægilega mörg salerni fyrir starfsmenn með tilliti til þarfa þeirra. Því markmiði hefur verið náð.<sup>1</sup>

### 2.3 Málsmeðferð Vinnueftirlitsins

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa gerir ennfremur athugasemd við málsmeðferð Vinnueftirlitsins, en að mati skrifstofunnar stenst hún ekki þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarsýslunnar og leiða af vönduðum stjórnarsýsluháttum.

Mál þetta hófst að frumkvæði Vinnueftirlitsins. Með skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins er Reykjavíkurborg tilkynnt um atriði sem þarfnist úrbóta í starfsmannarými á Höfðatorgi, en jafnframt eru veittar upplýsingar um rétt til andmæla skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Það vekur athygli að í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir möguleika á áfrýjun úrskurða. Réttur til andmæla byggist á þeirri meginreglu að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því. Er aðila máls þannig veitt tækifæri til að tryggja réttindi sín og hagsmuni og veita stjórnvöldum frekari upplýsingar um málsatvik áður en komist er að niðurstöðu í málinu. Af skýrslu Vinnueftirlitsins er því óljóst hvernig réttur til andmæla var tryggður þar sem skýrslan virðist gefa til kynna að niðurstaða hafi legið fyrir áður en nokkur samskipti höfðu átt sér stað milli Vinnueftirlitsins og Reykjavíkurborgar vegna athugasemda þess fyrirnefnda. Að mati mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er öll framsetning ákvörðunar Vinnueftirlitsins óskýr og óvönduð. Ekki er ljóst hvort tekin hafi verið stjórnvaldsákvörðun sem megi skjóta til æðra stjórnvalds eða hvort verið sé að bjóða Reykjavíkurborg andmælarétt vegna fyrirhugaðrar stjórnvaldsákvörðunar. Í ljósi kærufrests er þess óskað að afstaða Vinnueftirlitsins liggja fyrir sem allra fyrst og innan gildandi kærufrests svo Reykjavíkurborg geti nýtt réttinn til að kæra ákvörðunina með hæfilegum fyrirvara.

## 3. Samantekt

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að vinna gegn hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kynþáningar og kyneinkenna. Á síðustu árum hefur umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og má slá því föstu að samfélagið hafi yfirgefið kynþáninghyggjuna. Með nýrri löggjöf um kynrænt sjálfræði er viðurkennt að einstaklingar geti skilgreint kyn sitt og að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Í samræmi við þá áherslu Reykjavíkurborgar að vinna gegn mismunun borgaranna á grundvelli framangreindra þátta hafa öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í ráðhúsi, verið gerð ókyngreind.

Óháð þeirri þróun sem orðið hefur frá því að reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 tóku gildi telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að merkingar salerna í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar

<sup>1</sup> Í apríl 2019 taldi starfsfólk á Höfðatorgi 547 einstaklingar. Þar af voru 197 karlar og 350 konur. Í vinnurýminu eru 42 einstaklingssalerni. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða ætti heildarfjöldi salerna á Höfðatorgi að vera að lágmarki 23 salerni til þess að uppfylla kröfu 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða um fjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

brjóta ekki gegn fyrirmælum um fjölda salerna. Ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða gera ekki kröfu um merkingu salerna heldur aðgreiningu, en salernin í stjórnsluhúsum Reykjavíkurborgar eru einstaklingsrými og að fullu aðgreind. Telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að Reykjavíkurborg uppfyllir skilyrði reglnanna enda mæti salernin þeim þörfum sem reglurnar gera ráð fyrir. Er ákvörðun Vinnueftirlitsins því mótmælt og þess óskað að hún verði tekin til endurskoðunar á grundvelli andmæla þessara.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir  
lögfræðingur  
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.4.2020  
Tilvísun: 202003-0102/0.03.03

**Svar Vinnueftirlitsins við andmælum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna fyrirmæla í eftirlitsskýrslu nr. B #109446.**

Vísað er til bréfs mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 28. október sl., þar sem komið er á framfæri andmælum vegna fyrirmæla um úrbætur á merkingum salerna í Borgartúni 12-14, sbr. skoðunarskýrslu nr. B#109446. Í bréfinu kemur fram afstaða mannréttinda- og lýðræðisskrifstofunnar að salernisaðstaða í stjórnýsluhúsum Reykjavíkurborgar fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, þrátt fyrir að öll salerni séu ómerkt, þar sem fjöldi þeirra uppfylli skilyrði reglnanna. Byggist afstaða skrifstofunnar m.a. á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem leggur á bann við hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kynelkenna. Einnig kemur fram í bréfinu að frá þeim tíma sem reglur um húsnæði vinnustaða tóku gildi hafi umtalsverð þróun orðið í samfélaginu þegar kemur að því hvernig kyn eru skilgreind og megi slá því föstu að samfélagið hafi yfirgefið kynjatvíhyggjuna og er í því sambandi vísað sérstaklega til gildistöku laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði.

Með lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er leitast við að „*tryggja öruggt og hellsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu*“, sbr. 1. gr. laganna. Enn fremur er tekið fram að tryggja skuli „*skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og hellbrigðisvandamáli*“. Löggin gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn en siglingar, flskveiðar og loftferðir eru undanskilin gildissviði laganna.

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 46/1980 er tekið fram að megináhersla sé lögð á að „*eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi*“. Vinnueftirliti ríkisins var síðan fallið að hafa sérstakt eftirlit með að ákvæðum laganna og reglna settum með stoð í þeim séu virt með því að fylgjast með að atvinnurekendur, er löggin taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi.

Eftirliti því sem Vinnueftirlitinu er fallið er nánar lýst í 82. og 83. gr. laganna. Þar er gert ráð fyrir að starfsmenn stofnunarinnar fari í eftirlitshémsóknir inn í fyrirtæki og stofnanir og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Er síðan nánar kveðið á um hvernig standa skuli að framkvæmd slíkra hémsókna. Hlutverk Vinnueftirlitsins er því að hafa eftirlit með hvort atvinnurekandinn fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í lögnum.

Vinnueftirlitinu hefur því verið fallið að hafa eftirlit með ákvæðum reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, en þar á meðal eru ákvæði um fjölda salerna á vinnustöðum. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr.

reglnanna er kveðið á um að þar sem að staðaldrí starfi fleiri en fimm karlar og fimm konur skuli salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis er að jafnaði miðað við eltt salerni fyrir allt að 15 manns en nánari greining á fjölda salerna, þvagstæða og handlauga er síðan gerð eftir annars vegar fjölda starfandi kvenna á vinnustað og hins vegar starfandi karla.

Framangreindar reglur voru settar á sínum tíma m.a. til að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 89/654/EBE um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (fyrsta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EB) skv. skuldbindingum Íslands vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt lið 18.3 í viðauka I við tilskipunina kemur fram að salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

Það liggur því fyrir að umræddar reglur eru enn í gildi og er það mat Vinnueftirlitsins að fyrirtækjum og stofnunum beri að fylgja þeim þannig að lágmarksfjöldi kyngreindra salerna sem fram kemur í 2. mgr. 22. gr. reglnanna sé tryggður og aðgreindur fyrir konur og karla. Reglurnar veita Vinnueftirlitinu ekki heimildir til að víkja frá umræddum lágmarksfjölda kyngreindra salerna.

Vinnueftirlitið hefur ekki umboð til þess að leggja mat á það hvort samfélagslegar breytingar hafi almennt haft áhrif á það hvernig almenningur upplifi kyn sitt, m.a. með tilkomu nýrra laga um kynrænt sjálfræði. Í því sambandi hefur Vinnueftirlitið þó bent á að ákvæði reglnanna kveði á um lágmarksskilyrði og því sé ekkert í reglunum sem komi í veg fyrir eða hamlí því að hægt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir aðra starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karla í samræmi við meglreglur 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.


Í ljósi framangreinds er það því jafnframt mat Vinnueftirlitsins að vinnustöðum sé heimilt að hafa hluta salerna ókyngreind en slíkt mat getur þó ekki leitt til þess að öll salerni skuli vera ókyngreind í ljósi umræddrar 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Fram kemur í andmælabréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar að fjöldi starfsfólks á Höfðatorgi taldi 547 einstaklinga í aprílmánuði 2019, þar af voru 197 karlar og 350 konur. Í vinnurýminu eru 42 einstaklingssalerni. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. regla um húsnæði vinnustað ætti heildarfjöldi salerna að vera að lágmarki 32 salerni fyrir þennan starfsmannafjölda, þar sem fram kemur að um er að ræða einstaklingssalerni, ekki salerni og þvagstæði, er miðað við að það þurfi 14 salerni merkt körlum og 18 salerni merkt konum. Miðað við þessar upplýsingar gætu 10 salerni verið ókyngreind á vinnustaðnum.

Vegna fyrirmæla í eftirlitsskýrslu B#109446 þá er það enn mat Vinnueftirlitsins að Reykjavíkurborg þurfi að virða lágmarksfjölda kyngreindra salerna fyrir konur og karla sem aðgreind eru með merkingum í samræmi við 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemdir við að önnur salerni sem eru umfram umrædd viðmið um lágmarksfjölda skv. 2. mgr. 22. gr. reglnanna séu ókyngreind.

Virðingarfyllt,  
fh. Vinnueftirlitsins,

  
Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri

  
Hafþór S. Sverrisdóttir, eftirlitsmaður

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28.4.2020  
Tilvísun: 202001-0048/0.03.02

Vinnueftirlitið vísar til erindis ráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2019, þar sem óskað er afstöðu Vinnueftirlitsins til tillagna um breytingu á 21. og 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Ljóst er að umrædd ákvæði þarfnast endurskoðunar enda margt breyst í samfélaginu á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að umræddar reglur voru settar. Er þar bæði vísað til aðgengis að lokuðum salernum á vinnustöðum og breytingar á kynvitund fólks og er í því sambandi vísað meðal annars til laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði.

Vinnueftirlitið fagnar því að umrædd ákvæði séu tekin til endurskoðunar en telur mikilvægt að þar sé staðið vel að málum þar sem reynsla undanfarinna missera benda til þess að nokkuð skiptar skoðanir séu um þessi mál á vinnustöðum landsins. Þykir því erflitt að meta hvernig þessum málum skuli best háttað og er því lögð áhersla á að við endurskoðun umræddra reglna verði hlustað eftir þeim ólíkum sjónarmiðum sem virðast vera fyrir hendi. Í því sambandi vísar stofnuninni til þess að í þeim tilvikum þar sem að vinnustaðir hafa grípið til þess að hafa öll salerni sín ókyngreind hefur stofnuninni borist kvartanir frá starfsmönnum þar sem áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þess að hafa salerni aðgreind með merkingum fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

Í slíkum málum hefur Vinnueftirlitið litið svo á að umrædd ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða feli í sér skilyrði um lágmarksfjölda kyngreindra salerna sem þurfi að vera aðgreind með merkingum fyrir konur og karla. Því sé ekkert í reglunum sem komi í veg fyrir eða hamlí því að unnt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir aðra starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karla í samræmi við meginreglur 2. mgr. 22. gr. reglnanna.

Í ljósi framangreinds telur Vinnueftirlitið ekki tímabært að taka efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem lagðar eru fram í erindi ráðuneytisins. Þess í stað leggur stofnunin til að þessi ákvæði verði tekin til endurskoðunar í stærrí hópi hagsmunaaðilla í þeim tilgangi að fá fram þau ólíku sjónarmið sem virðast vera fyrir hendi á Innendum vinnumarkaði um þessi mál. Við þá endurskoðun þarf enn fremur að líta til efnis þeirra Evrópureglna sem umræddar reglur byggjast á.

Beðist er velvörðingar á hversu dregist hefur að svara erindi ráðuneytisins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vinnueftirlitsins,

  
Hanna Sig. Gunnsteinsdóttir

  
Svara Jónsdóttir





Reykjavík, 22. júní 2020

Félagsmálaráðuneytið

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

Skógarhlíð 6

Tjarnargata 11

105 Reykjavík

101 Reykjavík

**Efni:** Athugasemdir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna umsagnar Vinnueftirlitsins

1. Túlkun 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995

1.1 Orðalag ákvæðisins

Mál þetta varðar merkingar á salernum í stjórnsluhúsi Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14. Samkvæmt fyrirætlunum Vinnueftirlitsins skal ákveðinn fjöldi salerna vera kynjaskiptur, þ.e.a.s. að salernin séu merkt með þeim hætti að ákveðinn fjöldi salerna sé eingöngu ætlaður konum annars vegar og körlum hins vegar. Því til stuðnings vísar Vinnueftirlitið til 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur ljóst að merkingar salerna í stjórnsluhúsum Reykjavíkurborgar brjóta ekki gegn fyrirætlunum um fjölda salerna. Ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða, sem ber heitið „salernafjöldi“, gera ekki kröfu um merkingu salerna heldur aðgreiningu. Salernin í stjórnsluhúsum Reykjavíkurborgar eru einstaklingsrými og að fullu aðgreind. Telur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ljóst að Reykjavíkurborg uppfyllir skilyrði reglnanna enda mæti salernin þeim þörfum sem reglurnar gera ráð fyrir.

1.2 Tilgangur reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995

Í umsögn Vinnueftirlitsins um erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2018, segir að ástæðan fyrir þessari aðgreiningu komi fram í 2. mgr. ákvæðisins og byggist á því að mismunandi meginreglur gilda um fjölda salerna eftir því hvort þau eru fyrir karlmenn eða kvenmenn. Þá kemur jafnframt fram í umsögn Vinnueftirlitsins að ástæða slíkrar aðgreiningar sé einnig til komin vegna mismunandi þarfa karlanna og kvenmanna þar sem m.a. er gert ráð fyrir þvagstæðum fyrir karlmenn í framangreindu ákvæði.

Þegar litið er til samhengis textans og vilja löggjafans er ljóst að megin tilgangur ákvæðisins er að tryggja nægilegan fjölda salerna fyrir starfsmenn. Krafa 1. mgr. 22. gr. um að salerni fyrir konur og karla skuli aðgreind helst í hendur við ákvæði 2. mgr. sem gerir kröfu um ákveðinn lágmarksfjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar, en gert er ráð fyrir að konur þurfi fleiri salerni. Tilgangur aðgreiningar er því að tryggja viðeigandi salernisaðstöðu fyrir bæði kynin með tilliti til fjölda salerna. Túlkun Vinnueftirlitsins á ákvæðum 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða í fyrrnefndri skoðunarskýrslu



er því varhugaverð, en líkt og önnur íþyngjandi lagaákvæði ber að túlka 22. gr. þröngt og á þann hátt að beiting hennar leiði til eðlilegrar niðurstöðu miðað við þær forsendur sem lágu að baki lagasetningu.

## 2. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar byggir á jafnræðisreglunni

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 10/2008 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa. Líkt og fram kemur í umsögn Vinnueftirlitsins var ákvörðun mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs um að gera salerni í stjórnarsýsluhúsum borgarinnar ókyngreind tekin í samræmi við mannréttindastefnu borginnar. Undirrituð telur mikilvægt að áréttá að í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnámálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Borgaryfirvöld skuldbinda sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum sem endurspeglar hvert um sig margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, sem veitanda þjónustu og sem samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda og þeirra sem borgin á í samskiptum og viðskiptum við.

## 3. Ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða stangast á við ákvæði laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og ákvæði laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Líkt og fyrr segir hefur Reykjavíkurborg sem atvinnurekandi sett sér það markmið að vinna að jafnrétti starfsfólks, m.a. skv. jafnréttislögum og sér til þess að starfsfólk endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Reykjavíkurborg vill sem atvinnurekandi vera til fyrirmyndar á þessu sviði. Ákvörðun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs tekur mið af þessum sjónarmiðum. Með lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði er viðurkenndur réttur allra til að skilgreina hver við erum og hvernig við upplifum kyn okkar, m.a. með hlutlausri skráningu kyns. Með lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 er skýrt kveðið á um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði, hvort heldur beina eða óbeina, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Í 7. gr. laganna er kveðið á um að hvers kyns mismunun á vinnumarkaði, hvort heldur bein eða óbein, vegna einhverra þeirra þátta sem getið er um í 1. mgr. 1. gr., þar með talin kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning, sé óheimil.

## 4. Frestun réttaráhrifa

Ákvörðun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um að gera salerni í stjórnarsýsluhúsum borgarinnar ókyngreind var tekin með jafnrétti starfsfólks í huga. Mannréttinda- og lýðræðisrúfstofa telur mikilvægi þeirra hagsmuna sem um ræðir mæla með því að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar sé frestað.

Í athugasemdum með frumvarpi til stjórnarsýslulaga kemur fram um 29. gr. að almennt mæli það á móti frestun réttaráhrifa þegar mikilvægir almannahagsmunir séu til staðar, t.d. þegar ákvörðun er ætlað að koma í veg fyrir hættuástand. Það mæli hins vegar með því að fresta réttaráhrifum ákvörðunar þegar

aðili máls er einungis einn og um íþyngjandi ákvörðun er að ræða. Fyrir ákveðinn hóp starfsfólks borgarinnar eru ókyngreind salerni gífurlega mikilvæg. Um er að ræða staðfestingu á rétti þeirra til að skilgreina kyn sitt eins og þau sjálf kjósa.

Í ljósi meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar fer mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa fram á að réttaráhrifum íþyngjandi ákvörðunar um kynjaskiptingu salerna í stjórnsýsluhúsi borgarinnar í Borgartúni 12-14 sé frestað þangað til að ráðuneytið hefur fengið tækifæri til að leggja mat á afstöðu okkar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Reykjavíkurborgar  
b.t. Guðrúnar Elsu Tryggvadóttur  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 frn@frn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 7. ágúst 2020  
Tilv.: FRN20050069/05.10.02

### Úrskurður félagsmálaráðuneytisins nr. 004/2020

Föstudaginn 7. ágúst 2020 var í félagsmálaráðuneytinu kveðinn upp svohljóðandi

#### ú r s k u r ð u r:

Með erindi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 12. maí 2020, kærði Reykjavíkurborg (hér eftir kærandi) fyrirmæli Vinnueftirlitsins í tengslum við merkingar salerna á skrifstofum kæranda í Borgartúni 12–14, sbr. skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, dags. 23. september 2019, auk þess sem óskað var eftir að réttaráhrifum hinna kærðu fyrirmæla yrði frestað. Úrskurður þessi lýtur eingöngu að beiðni kæranda um frestun réttaráhrifa hinna kærðu fyrirmæla Vinnueftirlitsins.

#### **I. Málavextir og málsástæður.**

Málavextir verða hér einungis raktir að því marki sem þörf er á í tengslum við beiðni kæranda um frestun réttaráhrifa hinna kærðu fyrirmæla Vinnueftirlitsins.

Mál þetta varðar fyrirmæli Vinnueftirlitsins, dags. 23. september 2019, í tengslum við merkingar salerna á þeim vinnustað sem um ræðir, sbr. skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, þess efnis að með vísan til 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, skuli umrædd salerni vera aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

Kærandi vildi ekki una framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlitsins og kærði þau til ráðuneytisins með bréfi, dags. 12. maí 2020, með vísan til 98. gr laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum. Auk þess óskaði kærandi eftir að réttaráhrifum hinna kærðu fyrirmæla yrði frestað með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Erindi kæranda var sent Vinnueftirlitinu til umsagnar með bréfi ráðuneytisins, dags. 8. júní 2020. Í bréfinu óskaði ráðuneytið sérstaklega eftir umsögn Vinnueftirlitsins í tengslum við beiðni kæranda um frestun réttaráhrifa hinna kærðu fyrirmæla.



Með bréfi, dags. 16. júní 2020, barst ráðuneytinu umsögn Vinnueftirlitsins. Í umsögn stofnunarinnar kemur meðal annars fram, hvað varðar beiðni kæranda um frestun réttaráhrifa hinna kærðu fyrir mæla, að meginregla 29. gr. stjórnsýslulaga um réttaráhrif kærðrar ákvörðunar sé að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar og ávallt verði að leggja heildstætt mat á þau andstæðu sjónarmið sem vegast á í hverju máli auk þess sem einnig verði að líta til réttmætra hagsmuna allra aðila málsins. Bendir Vinnueftirlitið meðal annars á að afstaða starfsmanna kæranda liggi ekki fyrir í máli þessu en stofnuninni sé kunnugt um að skiptar skoðanir séu um merkingar salerna meðal þátttakenda á innlendum vinnumarkaði og ætla megi að það kunni einnig að eiga við meðal starfsfólks kæranda. Þannig hafi stofnuninni borist kvartanir frá starfsfólki vinnustaða þar sem salerni hafi ekki verið aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar og hafi viðkomandi einstaklingar jafnframt óskað eftir aðstoð Vinnueftirlitsins við að aðgreina salerni með þeim hætti með viðeigandi merkingum í samræmi við reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða.

Þá kemur fram í umsögn Vinnueftirlitsins að stofnunin telji að líta verði til þess að það sé ekki viðurhlutamikil aðgerð fyrir kæranda að merkja umrædd salerni þannig að þau séu aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar meðan úrskurðar ráðuneytisins sé beiðt í málinu. Í ljósi framangreinds þyki stofnuninni rök ekki hníga til annars en að meginregla stjórnsýsluréttar um að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar gildi í máli þessu þannig að réttaráhrifum fyrir mæla Vinnueftirlitsins verði ekki frestað.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 18. júní 2020, var kæranda gefinn kostur á að koma á framfæri við ráðuneytið athugasemdum við umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 16. júní 2020.

Með bréfi, dags. 22. júní 2020, bárust ráðuneytinu athugasemdir kæranda við umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 16. júní 2020. Í bréfinu kemur meðal annars fram að ákvörðun kæranda um að hafa salerni á þeim vinnustað sem um ræðir ekki aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar hafi verið tekin með jafnrétti starfsfólks kæranda í huga. Enn fremur kemur fram að kærandi telji mikilvægi þeirra hagsmuna sem um ræðir mæla með því að réttaráhrifum hinna kærðu fyrir mæla verði frestað. Í fyrrnefndu bréfi kæranda bendir kærandi einnig á að í athugasemdum við 29. gr. frumvarps þess er varð að stjórnsýslulögum hafi komið fram að almennt mæli það á móti frestun réttaráhrifa þegar mikilvægir almannahagsmunir séu til staðar, t.d. þegar ákvörðun er ætlað að koma í veg fyrir hættuástand. Það mæli hins vegar með því að fresta réttaráhrifum ákvörðunar þegar aðili máls er einungis einn og um íþyngjandi ákvörðun sé að ræða.

Að mati kæranda sé gífurlega mikilvægt fyrir ákveðinn hóp starfsmanna hans að salerni séu ekki aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar þar sem um sé að ræða staðfestingu á rétti viðkomandi einstaklinga til að skilgreina kyn sitt líkt og þeir sjálfir kjósi. Þá kemur fram að í ljósi meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttar fari kærandi fram á að réttaráhrifum íþyngjandi fyrir mæla um aðgreiningu umræddra salerna annars vegar fyrir konur og hins vegar fyrir karla verði frestað þangað til ráðuneytið hefur fengið tækifæri til að leggja mat á afstöðu kæranda.





## II. Niðurstaða.

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er heimilt að kæra til félagsmálaráðuneytisins ákvarðanir Vinnueftirlitsins sem teknar eru á grundvelli laganna. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993, frestar stjórnáskýslukæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis er æðra stjórnvaldi þó heimilt að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar á meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því. Í athugasemdum við 2. mgr. 29. gr. frumvarps þess er varð að stjórnáskýslulögum kemur meðal annars fram að ávallt verði að veða og meta í hverju tilviki fyrir sig hvort réttlæt看legt sé að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar. Við slíkt mat beri að líta til réttmætra hagsmuna hjá öllum aðilum málsins. Líta beri til þess hversu langt er um liðið frá því að hin kærða ákvörðun var tilkynnt aðilum en einnig verði að horfa til þess hversu líklegt það sé að ákvörðuninni verði breytt. Jafnframt kemur fram að almennt mæli það á móti því að réttaráhrifum ákvörðunar sé frestað ef fleiri en einn aðili eru að máli og þeir eiga gagnstæðra hagsmuna að gæta eða ef til staðar eru mikilvægir almannahagsmunir, t.d. þar sem ákvörðun hefur að markmiði að koma í veg fyrir hættuástand. Enn fremur kemur fram að sé hin kærða ákvörðun íþyngjandi fyrir aðila máls mæli slíkt almennt með því að heimila frestun réttaráhrifa.

Að framangreindu virtu lítur ráðuneytið almennt svo á að við mat á því hvort fresta beri réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar beri ávallt að leggja heildstætt mat á þau andstæðu sjónarmið sem vegast á hverju sinni, þar með talið þá hagsmuni sem um er að ræða fyrir aðila máls. Í því sambandi ber að mati ráðuneytisins meðal annars að líta til efnis þeirra réttaráhrifa sem hin kærða ákvörðun hefur í för með sér. Þá telur ráðuneytið að jafnframt beri að líta til þess að framangreind heimild til frestunar réttaráhrifa samkvæmt stjórnáskýslulögum sé undantekning frá þeirri meginreglu laganna að stjórnáskýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar, sbr. 1. mgr. 29. gr. laganna, en að mati ráðuneytisins ber almennt að beita þröngri lögskýringu við túlkun slíkra undantekninga.

Í gögnum málsins kemur annars vegar fram að kærandi telji mikilvægt að réttaráhrifum hinna kærðu fyrirmæla verði frestað, meðal annars á grundvelli þess að mikilvægt sé fyrir ákveðinn hóp starfsfólks hans að salerni séu ekki aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar þar sem um sé að ræða staðfestingu á rétti viðkomandi einstaklinga til að skilgreina kyn sitt líkt og þeir sjálfir kjósi.

Hins vegar kemur fram í gögnum málsins að Vinnueftirlitinu hafi borist kvartanir frá starfsfólki vinnustaða þar sem salerni hafi ekki verið aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar og hafi viðkomandi einstaklingar jafnframt óskað eftir aðstoð stofnunarinnar við að aðgreina salerni með þeim hætti með viðeigandi merkingum í samræmi við reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Vinnueftirlitinu sé þannig kunnugt um að skiptar skoðanir séu meðal þátttakenda á innlendum vinnumarkaði um merkingar salerna og að mati stofnunarinnar megi ætla að það kunni einnig að eiga við meðal starfsfólks kæranda.





Að mati ráðuneytisins má ætla að í því máli sem hér um ræðir líkt og í öðrum málum þar sem Vinnueftirlitið beinir fyrir mælum til atvinnurekenda um úrbætur í tengslum við aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varði fyrir mæli stofnunarinnar almennt hagsmuni allra starfsmanna þess vinnustaðar sem fyrir mælin beinast að hverju sinni þrátt fyrir að um gagnstæða hagsmuni einstakra starfsmanna geti verið að ræða.

Í ljósi þess sem að framan er rakið sem og efnis þeirra fyrir mæla Vinnueftirlitsins sem hér um ræðir verður að mati ráðuneytisins ekki séð að réttlætanlegt sé að fresta réttaráhrifum hinna kærðu fyrir mæla. Á það ekki síst við þar sem fram kemur í gögnum málsins að Vinnueftirlitið hafi gefið umrædd fyrir mæli með vísan til 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, þar sem fram kemur í 1. mgr. að þar sem að staðaldri starfi fleiri en 5 karlar og 5 konur skuli aðgreina salerni og snyrtingu fyrir hvort kyn. Samkvæmt skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins nr. B#109446 var á umræddum vinnustað um að ræða átta ómerkt salerni og tvö salerni sem merkt höfðu verið fyrir fólk með fötlun. Það hafi því verið mat Vinnueftirlitsins að aðstæður á umræddum vinnustað hafi ekki verið í samræmi við gildandi reglur hvað varðar aðgreiningu salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

Í ljósi alls framangreinds er það mat ráðuneytisins að ekki séu fyrir hendi ástæður sem mæla með því að 2. mgr. 29. gr. stjórnssýslulaga verði beitt í máli þessu þannig að réttaráhrifum hinna kærðu fyrir mæla Vinnueftirlitsins verði frestað meðan ráðuneytið hefur málið til meðferðar.

#### ÚRSKURÐARORÐ

Beiðni Reykjavíkurborgar um frestun réttaráhrifa hinna kærðu fyrir mæla Vinnueftirlitsins, dags. 23. september 2019, í tengslum við merkingar salerna á skrifstofum kæranda í Borgartúni 12–14, sbr. skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, er hafnað.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra

  
Bjarnheiður Gautadóttir

  
Eva Margrét Kristinsdóttir

Ljósrit: Vinnueftirlitið  
Dvergshöfða 2  
110 Reykjavík



AFRIT

Dagsetning 11. júlí 2024  
Úrskurður nr. Úrskurður nr. 7/2024

Fimmtudaginn 11. júlí 2024 var í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu kveðinn upp svohljóðandi

### úrskurður:

Með erindi til félagsmálaráðuneytis, nú félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, sbr. forsetaúrskurð nr. 5/2022, um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, dags. 12. maí 2020, kærði Reykjavíkurborg fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins í tengslum við merkingar salerna á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14, sbr. bréf Vinnueftirlitsins til kæranda, dags. 17. apríl 2020, sbr. einnig skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, dags. 23. september 2019.

#### I. Málavextir og málsástæður.

Mál þetta varðar fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins, dags. 17. apríl 2020, sbr. einnig skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, dags. 23. september 2019, þar sem krafist er úrbóta í tengslum við merkingar salerna á starfsstöð Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12–14, þess efnis að kæranda beri að virða lágmarksfjölda kyngreindra salerna fyrir konur og karla sem aðgreind séu með merkingum, sbr. 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða.

Kærandi vildi ekki una framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og kærði hann fyrirmælin til ráðuneytisins með bréfi, dags. 12. maí 2020, með vísan til 98. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Auk þess óskaði kærandi eftir að réttaráhrifum hinna kærðu fyrirmæla yrði frestað með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga. Beiðni kæranda um frestun réttaráhrifa þar til efnislegur úrskurður ráðuneytisins lægi fyrir í málinu var hafnað með úrskurði ráðuneytisins, dags. 7. ágúst 2020.

Í erindi kæranda til ráðuneytisins, dags. 12. maí 2020, kemur meðal annars fram að á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs kæranda, þann 5. júlí 2018, hafi verið samþykkt tillaga þess efnis að öll salerni á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14 og í ráðhúsi Reykjavíkur yrðu gerð ókyngreind. Tillagan hafi meðal annars byggst á mannréttindastefnu kæranda og þeim áherslum kæranda að vinna gegn mismunun, einkum mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjningar og kyneinkenna. Þá hafi mannréttinda- og lýðræðisráð kæranda lagt fram bókun á fundi sínum, dags. 14. mars 2019, þess efnis að heimilt væri að gera salernisaðstöðu starfsfólks ókyngreinda að því gefnu að krafa um lágmarksfjölda lokaðra salerna væri uppfyllt. Samarið 2019 hafi síðan allar merkingar á salernum sem táknuðu kyn verið teknar niður í ráðhúsi Reykjavíkur og á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14.

Jafnframt kemur fram í erindi kæranda til ráðuneytisins að þann 14. október 2019 hafi kæranda borist skoðunarskýrsla nr. B#109446 frá Vinnueftirliti ríkisins, sem undirrituð hafi verið 23. september 2019, þar sem athugasemdir hafi verið gerðar varðandi kynjaskiptingu salerna á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14 og með vísan til 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða, nr. 581/1995, hafi Vinnueftirlitið mælt svo fyrir um að kæranda bæri að kynjaskipta salernum á starfsstöðinni. Í skýrslunni hafi kæranda verið veittur frestur til 14. október 2019 til að verða við fyrirmælunum og setja upp viðeigandi merkingar á salernum vinnustaðarins. Eftir að kærandi hafi andmælt fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins með bréfi, dags. 28. október 2019, hafi Vinnueftirlitið boðað kæranda á fund með stofnuninni þann 27. nóvember 2019 og í samræmi við tillögur sem fram komu á fundinum hafi kærandi átt í viðræðum við starfsfólk sitt um merkingar á salernum á

umræddri starfsstöð. Hinn 29. janúar 2020 hafi kærandi tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins að viðræður við starfsfólk hafi átt sér stað og að kærandi teldi ekki tilefni til að leggja fram frekari gögn vegna málsins. Þá hafi kærandi ítrekað andmæli sín og óskað eftir svörum Vinnueftirlitsins við þeim.

Þá segir í erindi kæranda til ráðuneytisins að í svarbréfi Vinnueftirlitsins, dags. 17. apríl 2020, hafi Vinnueftirlitið svarað andmælum kæranda og ítrekað fyrirmæli sín um kynjaskiptingu salerna á starfsstöð kæranda en tekið hafi verið fram að ekki yrðu gerðar athugasemdir við að salerni væru ókyngreind umfram viðmið um lágmarksfjölda kyngreindra salerna skv. 2. mgr. 22. gr. reglna um húsnæði á vinnustöðum. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu kæranda hafi síðan borist bréf frá Vinnueftirlitinu, dags. 5. maí 2020, þar sem frestur til að senda inn tilkynningu um úrbætur til stofnunarinnar hafi verið framlengdur til 29. maí 2020.

Í erindinu segir einnig að kærandi hafi einsett sér að vera í fararbroddi þegar kemur að vernd og eflingu mannréttinda íbúa og annarra sem eiga í samskiptum við sveitarfélagið. Því hafi kærandi sett sér metnaðarfulla mannréttindastefnu sem leggi bann við hvers kyns mismunum á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Bendir kærandi á að mikil þróun hafi orðið í samfélaginu frá því að reglur um húsnæði vinnustaða tóku gildi varðandi það hvernig kyn sé skilgreint og ljóst sé að kynjatvíhyggja sem áður hafi verið ríkjandi nái að mati kæranda ekki yfir þann veruleika sem við búum við í dag. Lög um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, hafi verið samþykkt 1. júlí 2019 og tekið þegar gildi. Bendir kærandi á að skv. 1. gr. laganna kveði lögin á um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt og miði þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Einnig bendir kærandi á að hugtakið kynvitund vísi til þess hvernig einstaklingur upplifi eigin kyn og skilgreini það, óháð líffræðilegum kyneinkennum. Þá bendir kærandi á að skv. 3. gr. laganna njóti sérhver einstaklingur, í samræmi við aldur og þroska, óskoraðs réttar til að skilgreina kyn sitt sem og til viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu.

Í erindinu segir jafnframt að ekki verði hjá því komist að mati kæranda að túlka reglur um húsnæði vinnustaða til samræmis við lög um kynrænt sjálfræði og þann skýra vilja löggjafans að efla stöðu framangreinds hóps. Með löggjöfinni sé að mati kæranda viðurkennt að einstaklingar geti skilgreint kyn sitt og að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar, meðal annars með hlutlausri skráningu kyns.

Telur kærandi niðurstöðu Vinnueftirlitsins ekki í samræmi við skýran vilja löggjafans og að samspil lagabálkanna þurfi að mati kæranda að túlka út frá réttarheimildarfræðilegum sjónarmiðum. Telur kærandi að beita verði sjónarmiðum um forgangsáhrif við lögskýringu og að á grundvelli *lex posterior* og *lex superior* gangi reglur um húsnæði vinnustaða í berhögg við reglur sem tryggja vernd og jafnræði hins tilgreinda hóps. Af því leiði að mati kæranda að ákvæði og sjónarmið reglna sem verði til á grundvelli laga sem eru nýrri eða hærri í réttarheimildarlegu tilliti gangi framur eldri lögum og reglum.

Þá segir í erindinu að af framangreindu sé að mati kæranda ljóst að salernisaðstaða á starfsstöðvum kæranda fari ekki á skjön við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða. Ákvæði 2. mgr. 22. gr. reglnanna geri kröfu um aðgreiningu salerna en ekki merkingar þeirra. Öll salerni á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14 séu aðgreind einstaklingsrými án þvagstæða, eins að öllu leyti og henti því öllum óháð kyni. Hvernig kærandi kjósi að merkja salerni á starfsstöðvum sínum falli ekki undir 22. gr. reglnanna, enda miði ákvæðið að því að tryggja nægilega mörg salerni á vinnustöðum með tilliti til þarfa starfsfólks og því markmiði hafi verið náð að mati kæranda.

Erindi kæranda var sent Vinnueftirliti ríkisins til umsagnar með bréfi, dags. 8. júní 2020, og var stofnuninni veittur frestur til 16. júní sama ár til að veita umsögn. Umsögn Vinnueftirlitsins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 16. júní 2020.

Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur meðal annars fram að ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða hafi að geyma lágmarkskröfur og því sé ekkert því til fyrirstöðu að mati stofnunarinnar að aðgreina sérstaklega salerni fyrir starfsfólk sem skilgreini sig hvorki sem karl eða konu heldur með öðrum



hætti eða að hafa salernin ókyngreind, svo framarlega sem lágmarksfjölda kyngreindra salerna sé náð á vinnustaðnum í samræmi við reglur um húsnæði vinnustaða.

Þá kemur fram að Vinnueftirlitið hafni þeim skilningi kæranda á 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða að salerni vinnustaða þurfi aðeins að vera aðgreind en ekki sérstaklega merkt. Kveðið sé á um aðgreininguna í 1. mgr. 22. gr. reglnanna og nánari fyrirmæli um fjölda salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar sé að finna í 2. mgr. Í þeirri aðgreiningu felist að greina þurfi salernin í sundur með merkingum svo að starfsfólk geti vitað hvernig salernin séu aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar líkt og reglurnar geri ráð fyrir. ákvæðisins.

Þá segir í umsögn Vinnueftirlitsins að ljóst sé að margt hafi breyst í samfélaginu á þeim 25 árum sem liðin séu frá því að reglur um húsnæði vinnustaða tóku gildi. Á það að mati Vinnueftirlitsins bæði við hvað varðar aðgengi að lokuðum salernum á vinnustöðum og breytingar á kynvitund fólks og er í því sambandi vísað til laga um kynrænt sjálfræði. Vinnueftirlitið hafi þó ekki heimild að lögum til að leggja mat á hvort ekki sé lengur þörf á kyngreindum salernum á vinnustöðum með þeim hætti sem reglur um húsnæði vinnustaða geri ráð fyrir.

Með bréfi ráðuneytisins til kæranda, dags. 18. júní 2020, var kæranda gefinn kostur á að koma á framfæri við ráðuneytið athugasemdum við umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 16. júní 2020, og var frestur veittur til 2. júlí sama ár.

Í svarbréfi kæranda, dags. 22. júní 2020, ítrekar kærandi áður fram komin sjónarmið sín í málinu. Í því sambandi áréttar kærandi að hann telji að kröfur 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða séu uppfylltar á starfsstöð kæranda þar sem salerni vinnustaðarins séu einstaklingsrými sem séu að fullu aðgreind. Jafnframt kemur fram að kærandi telji túlkun Vinnueftirlitsins á reglum varðandi fjölda salerna varhugaverða en þegar litið sé til samhengis texta ákvæðisins og vilja löggjafans sé ljóst að megintilgangur ákvæðisins sé að tryggja viðeigandi salernisaðstöðu fyrir bæði kynin með tilliti til fjölda salerna. Að mati kæranda beri að túlka íþyngjandi ákvæði, líkt og 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða, þröngt og með tilliti til þeirra forsendna sem hafi legið að baki reglunum.

Í svarbréfi kæranda kemur einnig fram að ákvörðun kæranda þess efnis að taka niður merkingar á salernum á umræddri starfsstöð kæranda hafi verið gerð í samræmi við mannréttindastefnu kæranda sem byggir á jafnræðisreglunni. Kærandi telji enn fremur að ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða stangist á við ákvæði laga um kynrænt sjálfræði og ákvæði laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018. Bendir kærandi á að með lögum um kynrænt sjálfræði sé að mati kæranda viðurkenndur réttur allra til að skilgreina hver við erum og hvernig við upplifum kyn okkar, meðal annars með hlutlausri skráningu kyns. Þá sé með lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði skýrt kveðið á um bann við allri mismunun á vinnumarkaði að mati kæranda, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina mismunun, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar, sbr. 7. gr. laganna.

## II. Niðurstaða.

Samkvæmt 98. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er heimilt að kæra til ráðuneytisins ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum kveða sérstaklega á um hvernig samskiptum atvinnurekenda og starfsmanna skuli háttáð að því er varðar skipulag vinnuverndar á vinnustöðum auk þess sem tilgreindar eru skyldur atvinnurekenda og fulltrúa þeirra sem og starfsmanna.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt fyrrnefndum lögum er að hafa eftirlit með því að atvinnurekendur uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum sem og reglum sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Stofnuninni er meðal annars falið að hafa sérstakt eftirlit

með framkvæmd laganna sem og reglugerða og reglna sem settar eru á grundvelli laganna og fylgjast þannig með að atvinnurekendur, er lögin taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsfólk sitt í starfi. Því eftirliti sem Vinnueftirlitinu er falið að sinna samkvæmt lögnum er meðal annars lýst í 82. og 83. gr. laganna en þar er sem dæmi gert ráð fyrir að starfsfólk stofnunarinnar fari í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtæki og að þeim skuli veittur aðgangur að vinnustöðvum fyrirtækjanna auk þess sem nánar er kveðið á um hvernig standa skuli að framkvæmd slíkra heimsókna.

Jafnframt skal Vinnueftirlit ríkisins sjá til þess að atvinnurekandi grípi til viðeigandi úrbóta í tilvikum er hann hefur ekki sinnt skyldum sínum á viðunandi hátt að mati stofnunarinnar, sbr. 84., 85. og 87. gr. laganna, en í þeim ákvæðum laganna er tekið fram til hvaða ráðstafana Vinnueftirlitið getur gripið þegar atvinnurekendur fara ekki að kröfum stofnunarinnar um lagfæringar á vanbúnaði eða öðru ástandi sem brýtur gegn fyrrnefndum lögum.

Í VI. kafla laganna er fjallað sérstaklega um vinnustaði. Er þar meðal annars kveðið á um að vinnustaður samkvæmt lögnum merki umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna, sbr. 41. gr. laganna. Í kaflanum er einnig kveðið á um að ráðherra setji nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlitsins, um fyrirkomulag fastra vinnustaða og bráðabirgðavinnustaða, innan húss og utan, sbr. 43. gr. laganna. Með slíkum reglum er meðal annars átt við reglur um húsnæði, svo sem vinnurými, lofthæð, loftrými, gólf, vegg, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, varnir gegn hávaða, titringi, geislun og fleira. Einnig er átt við reglur um aðbúnað starfsfólks og fleira, svo sem um setu- og matsali, kaffistofur, búningsherbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, sem og um gæðakröfur og staðla í tengslum við slíkt húsnæði. Þá er einnig átt við reglur þar sem kveðið er á um annað en það sem nefnt hefur verið hér að framan sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað. Hafa slíkar reglur verið settar, sbr. reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, sem gilda um vinnustaði sem falla undir gildissvið laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda þó ekki um byggingarvinnustaði, jarðefnavinnslu eða aðra hliðstæða vinnustaði sem og flytjanlegt starfsmannarými.

Mál þetta varðar aðgreiningu salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14. Í málinu liggja fyrir fyrirsmáli Vinnueftirlits ríkisins, dags. 17. apríl 2020, sbr. einnig skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, dags. 23. september 2019, þar sem krafist er úrbóta í tengslum við merkingar salerna á starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14, þess efnis að kæranda beri að virða lágmarksfjölda kyngreindra salerna fyrir konur og karla sem aðgreind eru með merkingum, sbr. 22. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða.

Að mati ráðuneytisins gilda reglur nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, um starfsstöð kæranda í Borgartúni 12–14. Í III. kafla fyrrnefndra reglna, er fjallað um starfsmannarými, þar á meðal snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði. Í 22. gr. reglnanna er kveðið á um þann fjölda salerna sem skal vera til staðar á vinnustað. Að mati ráðuneytisins er orðalag 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða skýrt og afdráttarlaust, en í 1. mgr. ákvæðisins segir að „þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind“. Í 2. mgr. ákvæðisins eru sett nánari skilyrði um fjölda salerna miðað við fjölda karla og fjölda kvenna sem starfa á vinnustað.

Með vísan til orðalags 1. mgr. 22. gr. umræddra reglna um húsnæði vinnustaða, sbr. framangreint, er að mati ráðuneytisins ljóst að ekki sé nægilegt að salerni séu einstaklingsrými svo kröfur ákvæðisins teljist uppfylltar hvað varðar aðgreiningu salerna fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

Að mati ráðuneytisins hafa reglur um húsnæði vinnustaða að geyma lágmarkskröfur varðandi fjölda salerna á vinnustöðum sem annars vegar skuli merkt körlum og hins vegar konum. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið á að vinnustöðum er í sjálfvald sett að hafa tiltekinn fjölda salerna ómerkt fyrir tilgreint kyn eða aðgreina salerni með öðrum hætti svo framarlega sem lágmarksfjöldi

salerna er náð sem skulu vera aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að umrædd fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins í tengslum við merkingar salerna á starfsstöðvum kæranda í Borgartúni 12–14 hafi verið í samræmi við ákvæði 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða, nr. 581/1995, sbr. einnig 43. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Það er jafnframt mat ráðuneytisins að lög um kynrænt sjálfræði sem og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði komi ekki til skoðunar við mat á því hvort uppfylltar séu kröfur um lágmarksfjölda salerna sem skulu vera aðgreind fyrir konur annars vegar og karla hins vegar skv. 22. gr. reglna um húsnæði vinnustaða.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna mikilla anna í ráðuneytinu.

### ÚRSKURÐARORÐ

Fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins, dags. 17. apríl 2020, sbr. einnig skoðunarskýrslu stofnunarinnar nr. B#109446, dags. 23. september 2019, í tengslum við merkingar salerna á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12–14, skulu standa.

F.h. ráðherra

  
Bjarnheiður Gautadóttir

  
Jón Þór Þorvaldsson

